

SANDRA ERLINGSDÓTTIR

Kennir afró og hipp-hopp í Kramhúsinu

heilsa
allt í MIÐJU BLAÐSINS



DÝRIN STÓR OG SMÁ

Greindir og vinnu-samir smalahundar

Sérblað um gæludýr
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÁRMANN REYNISSON

Leggur Indland að fótum sér

Vinjetturnar féllu Indverjum vel í geð.
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. febrúar 2008 – 35. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Gríðarleg vinna í súginn

Lárus Jóhannesson, annar eigenda 12 Tóna, er ósáttur við endalok Jakobínarínu.

FÓLK 24



Handrit eftir ævisögu Hreins

Leikarinn Ólafur Egill Egilsson skrifar kvikmyndahandrit eftir sjálfævisögu utangarðsmannsins Hreins Vilhjálmssonar.

FÓLK 30

Bætt lífsgæði vegna hitaveitu

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, heldur í dag upp á 100 ára afmæli hitaveitu á Íslandi.

TÍMAMÓT 16


Tap gegn Möltu í gær

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta tapaði sínum öðrum leik í röð á Möltumótinu.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



NORÐVESTLÆG ÁTT Hvöss á Vesturlandi en hægari annars staðar. Snjökoma víða um land, en þurr að mestu austan til.

VEÐUR 4

Nýr risi á fasteignamarkaði

Viðræður standa yfir um að tuttugu fasteignasölur hefji náið samstarf. Einn fasteignasalanna segir þetta hvorki viðbrögð við samkeppni frá Remax né við samdrætti á markaði. Fundað verður á næstu dögum.

VIÐSKIPTI Forráðamenn tuttugu fasteignasala eiga í viðræðum þessa dagana um að koma á náninni samvinnu eða svokallaðri klasamyndun. „Það eru viðræður í gangi um að við vinnum í samvinnu og samkeppni og það yrðu ákveðin samlegðaráhrif af því án þess að ég geti lýst þeim á þessu stigi,“ segir Óskar Rúnar Harðarson, annar eigandi fasteignasöluunnar Mikluborgar.

„Við sem höfum átt í viðræðum erum allir fasteignasalar með mikla reynslu og þekkingu og það verður lögð mikil áhersla á fagleg vinnubrögð þar sem við sjáum ekki fram á að löggjöfin búi til það umhverfi fyrir okkur að fasteignasala sé aðeins stunduð af fólki sem hafi til þess löggilda heimild.“

Spurður hvort þetta séu viðbrögð við samdrætti á fasteignamarkaði segir Óskar: „Nei, en við erum alltaf að leita að tækifærum til að getað þjónustað betur okkar viðskiptavini. Það eru reyndar ýmis einkenni um að hægt hafi á, markaðurinn er að leita jafnvægis en við slíkar aðstæður skapast líka ákveðin tækifæri til að huga að innra skipulagi fyrirtækisins.“

Hann segir ennfremur að þessari samvinnu sé á engan hátt beint gegn fasteignasölukeðjunni Remax sem er sú stærsta á landinu. Spurður hvort fyrirtækin sem hugi að samvinnunni mynduðu stærri einingu en Remax ef af yrði segir Óskar: „Við erum ekkert að metast við þá svo ég hef ekki velt

því fyrir mér. En ef af þessari samvinnu verður mun þetta verða langöflugasti fagaðalinn á markaðnum.“

Hann segir viðræður nú vera á viðkvæmu stigi. Forráðamenn fasteignasalanna fundi á næstu dögum. Aðspurður hvenær af samvinnunni yrði ef til kæmi segir hann, „ef allir eru jákvæðir gagnvart þessu ætti þetta að geta gengið nokkuð hratt fyrir sig en ég vil þó ekki nefna neina tímasetningu í þessu sambandi.“

Hann segist ekki sjá neitt í þessu ferli sem gæti stangast á við samkeppnislög. „Hér er ekki um neina sameiningu að ræða svo ég get ekki ímyndað mér hvað ætti að stangast á við þau.“

- jse



HAFIST HANDA Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og krakkar í Norðlingaholti tóku í gær fyrstu skóflustungurnar að nýjum skóla sem rís þar í hverfinu. Norðlingaskóli er fyrsti skólinn í Reykjavík þar sem leikskólabörn og grunnskólanemendur verða undir sama þaki. Þar verður einnig tónlistarskóli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Forstjóri Geysis Green: Sameining við Enex skoðuð

VIÐSKIPTI Verið er að skoða kosti þess að sameina orkufyrirtækin Geysi Green Energy (GGE) og Enex og skýrist síðar í febrúar hvort af sameiningunni verður eða ekki.



ÁSGEIR MARGEIRSSON

Ásgeir Margeirsson, forstjóri GGE, segir að fyrirtækin tvö eigi afar vel saman, Enex afli verkefna á sviði jarðhitánýtingar og Geysir fjárfesti í slíkum verkefnum. Þá eigi Geysir um 73 prósent hlutfjár í Enex.

Verði af sameiningunni þarf að boða til hluthafafundar í báðum fyrirtækjum.

Enex er í eigu Geysis Green Energy (73%) og Reykjavík Energy Invest (26%) ásamt ráðgjafarstofum í orkugeiranum. Enex fæst við verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku, til dæmis rekstur jarðvarmavirkjana og orkusölu til undursöluáðila.

- ghs

Grétar Mar Jónsson alþingismaður liggur heima eftir umfangsmikla lýtaaðgerð:

Synd að þeir lengdu mig ekki í leiðinni

FÓLK „Það var verið að taka af mér spek og skinn,“ segir Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sem er í leyfi frá störfum eftir umfangsmikla lýtaaðgerð sem hann gekkst undir í síðustu viku.

Aðgerðin, sem var framkvæmd á spítalanum í Keflavík og gekk vel að sögn Grétars, fólst í að fjarlægja fitu og skinn af líkama hans. „Ég er með skurð allan hringinn og hef ekki tölu á saumunum,“ segir Grétar sem lá í sex klukkustundir á

skurðarborðinu. Í gríni veltir hann fyrir sér hvers vegna lækarnir nýttu ekki tækifærið og huguðu að öðru í leiðinni. „Það er synd að þeir lengdu mig ekki í leiðinni,“ segir hann hlæjandi.

Aðgerðina bar brátt að því reiknað var með að hún yrði framkvæmd í vor eða sumar enda biðlistar langir. Grétar segir eitthvað hafa breyst sem varð til þess að



GRÉTAR MAR JÓNSSON

rúmfastur og les blöð og horfir á sjónvarp.

hann var kallaður inn með fárra daga fyrirvara. Fyrsti varamaður hans á þingi átti ekki heimangengt með svo skömmum fyrirvara og því þurfti að kalla annan varamann, Hönnu Birnu Jóhannsdóttur, á þing. Grétar Mar vonast til að komast til vinnu á ný eftir tvær til þrjár vikur en næstu daga liggur hann ennfremur á biðlistum.

- bps



15-20% AFSLÁTTUR AF KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM

KALDIR DAGAR

ORMSSON

31. JANÚAR – 9. FEBRÚAR

ELLEFU VERSALNIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

Nýjung

Meistara-flokkssúpur

Girnileg nýjung með 2 í pakka. Fæst í næstu verslun.

Maggi Masterklass MEDMELI

BYRJUN



STURSKA
2
UMFENGJÓ

FARA Á BLINT STEFNUMÓT

GLATA VINKONU

FARÐU
3
ARTUR

FINNA EITTHVAÐ UPP OG
SKIRA ÞAÐ EFTIR SJÁLFRI ÞÉR

FARÐU
3
AFRAN



HRINGJA KIRKJUBJÖLLU

FARÐU
2
AFRAN



SKRIFA SKÁLDSÖGUNA ÞÍNA



EITT OG ANNAD SEM
ÞÚ ÞARFT AÐ GERA
FYRIR FERTUGT

FARÐU
2
AFRAN

STINGA ÞÉR AF STÓRA STÖKK-
BRETTINU Í SUNDHÖLLINI

KASTAÐU
TILGVARI

FARÐU
5
AFRAN

KOMAST Á TRÓNÓ MED
ÖMMU OG SMÁ SHERRÍ



FÁ ÞÉR LIFTRYGGINGU

FARÐU
5
AFRAN

Ef þú hefur fyrir
einhverjum að sjá,
eða ert með fjárhags-
bindingar, þá þartu
liftryggingu.
Þú færð Lifís líf- og
sjúkdómtryggingar
hjá VÍS.

FARÐU
3
AFRAN

TAKA ÞÁTT Í SAUDBURÐI



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	64,52	64,82
Sterlingspund	127,48	128,1
Evra	95,53	96,07
Dönsk króna	12,873	12,949
Norsk króna	11,89	11,96
Sænsk króna	10,151	10,211
Japanskt jen	0,6031	0,6067

SDR	102,51	103,13
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	125,6872	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Stjórn Samtaka fjárfesta vill skýr svör frá stjórn SPRON um viðskipti innherja:

Krefst upplýsinga frá SPRON

VIÐSKIPTI Stjórn Samtaka fjárfesta beinir því til stjórnar SPRON að hún skýri hvernig upplýsingar um viðskipti stjórnarmanna í SPRON geti „valdið ruglingi við hlutabréfamarkaðinn“, eins og kom fram í svari stjórnar SPRON við spurningum Fréttablaðsins sem birtust 29. janúar.

Stjórn Samtaka fjárfesta sendi frá sér ályktun í gær vegna svara stjórnar SPRON við spurningum Fréttablaðsins. Þær voru sendar stjórn SPRON í kjölfar þess að upplýst var að Gunnar Þór Gíslason, stjórnarmaður í SPRON, hefði selt hluta stofnfjárbréfa sinna skömmu áður en félagið var skráð



SPRON Vilja skýrari svör um viðskipti stjórnarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

á markað. Spurt var hvort aðrir stjórnarmenn en Gunnar Þór hefðu selt bréf sín og hvort stjórnarmenn hefðu haft innherjaupp-

lýsingar undir höndum þegar viðskipti með stofnfjárbréf fóru fram.

Því var alfarið neitað að ólög-mæt viðskipti hefðu átt sér stað eða reglur með einhverjum hætti brotnar. Stjórnin svaraði því ekki hvort aðrir stjórnarmenn hefðu selt bréf áður en félagið var skráð á markað.

Í ályktun stjórnar Samtaka fjárfesta beinir hún þeim tilmælum til stjórnar SPRON að hún „skýri efnislega hvaða hagsmunir félagsins og eigenda þess réttlæti grundvallarfrávik frá almennum reglum um upplýsingagjöf um viðskipti stjórnarmanna“.

Sekt og ökuleyfis svipting: Ökuníðingur með vopn

DÓMSMÁL Karlmaður frá Hveragerði hefur verið dæmdur í 400.000 króna sekt til ríkissjóðs og sviptingur ökuleyfis.

Hann var tekinn á 143 kílómetra hraða við Ingólfsfjall á síðasta ári. Þá reyndist hann óhæfur til að stjórna bifreiðinni vegna áhrifa fíkniefna. Hjá manningnum fundust við húsléit marjúána og amfetamín. Lögregla fann einnig óskráðan riffil af Glennfield-gerð, auk magasíns og 50 riffilskota, sem geymd voru ofan á skáp á heimili mannsins. Hann þurfti að greiða allan sakarkostnað.

- jss

Steinunn Valdís Óskarsdóttir: Vill nýtt orð í stað ráðherra

ALPINGI Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, mælti í gær fyrir þingsályktunartillögu um að nýtt starfsheiti verði tekið upp fyrir ráðherra.



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Telur Steinunn það stríða gegn almennri málvitund að konur séu sagðar herrar og leggur til að ríkisstjórnin leiti eftir tillögum sérfræðinga eða efni til samkeppni til að finna nýtt orð fyrir ráðherra.

Höskuldur Þór Þórhallsson Framsóknarflokki kvaðst ósammála Steinunni hvað varðar málskilning og sagði konur jafnt sem karla geta verið ráðherra.

- bps

Frakkar tilbúnir til íhlutunar: Áframhald á átökum í Tsjad

TSJAD, AP Tugir þúsunda manna flúðu N'Djamena, höfuðborg Tsjad, í gær meðan bardagar geisðu milli uppreisnarmanna og stjórnarhermanna þriðja daginn í röð.

Sameinuðu þjóðirnar gáfu Frökkum og öðrum þjóðum heimild til að aðstoða tsjadnesk stjórnvöld. Frönsk stjórnvöld halda úti herliði í þessari fyrstum nýlendu og hafa lýst sig reiðubúin til að skerast í leikinn.

Óttast er að átökin geti breiðst út og aukið á spennu milli Tsjad og nágrannaríkisins Súdan. Tsjadnesk stjórnvöld saka súdönsk stjórnvöld um að styðja við uppreisnarmenn í Tsjad. Súdönsk stjórnvöld neita þessum ásökunum.

- sdg



MILLI TANNA Í kjötveðjuhátíðarskrúðgöngunni í Köln í gær var barátta Obama og Clinton túlkuð með þessum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama og Clinton hnífjöfn

Fyrir „þriðjudaginn mikla“ í dag, þegar forkosningar fara fram í 22 ríkjum Bandaríkjanna, mælist fylgi demókratanna Obama og Clinton hnífjafnt. Repúblíkaninn John McCain virðist hins vegar eiga sigur vísan.

BANDARÍKIN, AP Barack Obama og Hillary Rodham Clinton, sem sækjast eftir forsetaframbóðsútnefningu Demókrataflokksins, virtust standa mjög jafnt að vígi fyrir „þriðjudaginn mikla“ í dag, þegar forkosningar fara fram í 22 ríkjum Bandaríkjanna, þar á meðal þeim fjölmennustu. Hjá republíkönnum virtist John McCain eiga sigurinn vísan yfir keppinautum, Mitt Romney.

Niðurstöður einnar skoðanakönnunarinnar, sem gerð var um allt landið, bentu til að þau Obama og Clinton nytu nánast hnífjafns fylgis meðal kjósenda demókrata. Í annarri könnun mældist Clinton með smávægilegt forskot.

Þótt stigsmunur sé á útkomu frambjóðendanna tveggja í könnunum þá staðfesta þær allar að Obama hefur tekist að vinna upp hið

yfirgnæfandi forskot sem Clinton naut í könnunum síðustu mánuðina áður en forkosningahrinan hófst.

Á síðustu kosningafundunum fyrir „þriðjudaginn mikla“ einbeittu þau sér hvort fyrir sig að kjarna fylgi sínu – Obama að þeldökkum kjósendum, Clinton að konum.

McCain virtist hins vegar á beinu brautinni að útnefningu Repúblíkanaflokksins. Samkvæmt könnunum eru jafnvel horfur á að hann sigri keppinaut sinn, Mitt Romney, í heimaríki hans, Massachusetts. Auðkýfingurinn Romney var þar ríkisstjóri. McCain nýtur jafnframt yfirlýst stuðnings Arnolds Schwarzeneggers, hins vinsæla ríkisstjóra Kaliforníu, en þar er til mikils að vinna fyrir frambjóðendur þar sem Kalifornía sendir 370 kjórmenn á flokks-

þingið sem velur forsetaframbjóðandann í sumar.

Meðal kjósenda demókrata í Kaliforníu mældist Clinton með 36 prósentu fylgi, Obama 34 prósent og 18 prósent voru óákveðin. Í New York-ríki, fjölmennasta ríkinu sem kosið er í dag, á Clinton aftur á móti sigur vísan, enda er hún öldungadeildarþingmaður ríkisins.

Í könnun Pew-stofnunarinnar sem gerð var um öll Bandaríkin mældist fylgi Clinton 46 prósent en Obama 38 prósent. Kjórmenn demókrata skiptast hlutfallslega eftir atkvæðum í forkosningum, og þar af leiðandi er óvíst að úr því skerist í dag hvort þeirra muni tryggja sér meirihluta kjórmanna þegar upp verður staðið í haust.

audunn@frettabladid.is

Godur lífeyrir – ávisun á betra líf

Sparnaður + Lífeyrir frá Bayern Líf (Versicherungskammer Bayern) er vænlegri kostur en hefðbundinn sparnaður – og mun öruggari en kauphallarviðskipti. Kynntu þér hvernig þú getur tryggt þér óbreytt lífskjör eftir starfslok.

Sundagördum 2 104 Reykjavík
Sími: 577 2025 Fax 577 2032
sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VER SICHERUNGSKAMMER BAYERN

VEÐURSPÁ

Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

Éljagangur og lélegt skyggni Á Vesturlandi og víða sunnanlands verður fremur hvasst og eljagangur í dag, það leiðir af sér skafrenning og lélegt skyggni og því getur tekið lengri tíma að komast á milli staða en ella. Á Austurlandi batnar veðrið frá því sem var í gær, og hitastigið mjakast upp fyrir frostmark, í kjölfarið af því getur orðið mjög hált á götum sem eru huldar snjó. Næstu daga má búast við svipuðu veðri.

Reykjavík í dag: Strekkjngur og él.

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn 6°C rigning	London 12°C skúrir	Eindhoven 12°C skúrir
Billund 4°C bjart	Paris 12°C skúrir	Basel 7°C skúrir
Osló 2°C skúrir	Frankfurt 8°C skjjað	Alicante 17°C bjart
Stokkhólmur 5°C skúrir	Friedrichshafen 6°C skúrir	Róm 13°C skúrir
Gautaborg 4°C rigning	Berlín 7°C skúrir	Las Palmas 20°C bjart

• Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Reikningar Netbankans skiluðu framúrskarandi ávöxtun á síðasta ári, eins og mörg undanfarin ár.

Gerðu samanburð!



Nafnávöxtun 2007

Markaðsreikningur **12,31 – 14,59%**

Verðtryggðir reikningar **12,04 – 12,75%**

Framtíðarreikningur **12,94%**

Lífeyrisreikningur **12,94%**

Við gerum enn betur

Markaðsreikningur ber nú allt að **15,05%** vexti, sem er með því allra besta sem gerist meðal sambærilegra reikninga.

Farðu inn á www.nb.is

Stofnaðu reikning og fjárfestu í sparnaði á réttum stað.

www.nb.is

 **Netbankinn**
– með betri vexti

KJÖRKASSINN



Notar þú þriðju kynslóðar (3G) farsímatækni?

Já	12%
Nei	88%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Vilt þú láta taka upp evru á Íslandi?

Segðu skoðun þína á visir.is

Eldur kom upp í húsi númer 34 við Hverfisgötu í Reykjavík síðdegis í gær:

Eldsvoði í afdrepi útígangsmanna

SLÖKKVILIÐ Eldur kom upp í húsi númer 34 á Hverfisgötu síðdegis í gær. Það var mannlaut en útígangsmenn hafa haldið þar til. Allt tiltækt lið Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var sent á staðinn en tilkynning um brunann barst skömmu fyrir klukkan sex. „Þegar ég fór inn kom reykur út úr gluggum á annarri og þriðju hæð,“ segir Jón Helgi Guðmundsson, varðstjóri slökkviliðsins sem fór fyrstur inn. „Þá var eldur í gólfu og á veggjum en hann hafði ekki náð víða. Við vorum um það bil korter að slökkva eldinn. En þetta er gamalt hús og það getur leynst eldur í timbri hér og þar.“

Hann segir eldsuþtök ekki liggja fyrir en ljóst sé að eldurinn kom upp á annarri hæð.

Hverfisgötu var lokað meðan á slökkvistarfinu stóð. Nokkurn tíma tók að rífa gólf en þar undir þiljum leyndist nokkur eldur. Lögreglumenn sem voru að rannsaka vettvang tóku síðan eftir því að eldur hefði komið upp aftur milli þilja á annarri hæð og varð því slökkviliðið að koma öðru sinni. Greiðlega gekk að slökkva eldinn sem var lítils háttar að sögn slökkviliðsins.

Ekki er langt síðan síðast kviknaði í þessu húsi en þá var talið að um íkveikju hefði verið að ræða.

- jse



REYKKAFARI TIL Í SLAGINN Húsið var fullt af reykt á annarri og þriðju hæð þegar slökkviliðið kom að. Víða leyndist eldur og glæður eins og verða vill þegar bruni kemur upp í gömlu húsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sprenging skyggði á hátíðina: Sjálfstæði á Srí Lanka í 60 ár

SRÍ LANKA, AP Íbúar Srí Lanka fögnuðu í gær 60 ára sjálfstæðisafmæli þjóðarinnar. Þrátt fyrir hertar öryggisáðgerðir tókst þó ekki að koma í veg fyrir sprengingu í strætisvagni sem varð tólf manns að bana. Sautján manns særðust.

Þúsundir hermanna stóðu vörð og var mörgum götum í höfuðborginni Kólombó lokað. Sömu leiðis var lokað fyrir sendingu smáskilaboða milli farsíma fram eftir morgni.

Mahinda Rajapaksa, forseti Srí Lanka, sagði í sjónvarpsávarpi að efnahagsörðugleikar og vandamál tengd öryggi yrðu bráðlega að baki. Ítrekaði hann loforð stjórnar sinnar um að brjóta á bak aftur baráttu uppreisnarmanna Tamíltígra.

- sdg

Kjaraviðræðurnar:

Vinnuveitendur ræða við aðra

KJARAMÁL Lítið þokaðist á samningafundi Samtaka atvinnulífsins, SA, Flóabandalagsins og Starfsgreinasambandsins, SGS, hjá ríkissáttasemjara í gær. Næsti fundur hefur ekki verið boðaður fyrir en á fimmtudaginn. Á meðan ætla fulltrúar atvinnurekenda að ræða við önnur landssambönd innan ASÍ.

„Þetta gengur alltof hægt, því miður,“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.

Ekki hefur enn verið rætt um neinar launatölur heldur aðeins um samningsumgjörðina. Sigurður segir að atvinnurekendur hafi borið upp hugmynd um „ákveðna hugmyndafræði við sjálfan samninginn en ætluðu í framhaldinu að ræða það við önnur landssambönd“.

- ghs



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Ákærðir menn í sakamálum vilja íðulega síður þekkja einn og þessir sakborningar í Pólstjórnumálinu. Persónuvernd segir álitamál hvort birta eigi nöfn manna í dómum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

Minna verði upplýst úr sakamáladómum

Persónuvernd telur að draga eigi úr upplýsingagjöf til almennings úr dómum í sakamálum til að vernda einkalífshagsmuni þeirra sem þar eru nefndir. Ákærur og dómur fyrir refsiverða verknaði séu viðkvæmar persónuupplýsingar.

UPPLÝSINGAR Persónuvernd telur að gæta eiga betur að einkalífsvörnd þeirra sem nefndir eru í dómum í sakamálum.

Þetta kemur fram í umsögn Persónuverndar um nýtt frumvarp um meðferð sakamála sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur lagt fram.

„Eins og gefur að skilja verður ekki undan því vikist að afhenda upplýsingar um þá háttsemi sem ákært er fyrir. Að öðru leyti eru upplýsingar af viðkvæmu tagi, sem er að finna í gögnum frá dómstólum, til dæmis um heilsuhagi, oft og einatt þess eðlis að rétt er að afmá þær úr gögnum dómstóla áður en þau eru afhent utanaðkomandi aðilum eða birt opinberlega,“ segir í umögn Persónuverndar. „Er þá eðlilegt að lítið sé til þess hvort þær séu nauðsynlegar þeim sem fær gögn afhent – eða kynni sér dóm á til dæmis vefsíðu – til að átta sig á því hvers vegna dómstóll hafi

komist að tiltekinni niðurstöðu.“

Sem dæmi um tilvik þar sem reynt geti á þetta atriði nefnir Persónuvernd þegar í dómum eru birtar mjög ítarlegar heilsufarsupplýsingar, svo sem um andlegt heilsufar hans ákærða eða áverka brotaþola í smæstu smáatriðum.



SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR

„Er þá álitamál hvort í raun þurfi að veita aðgang að þessum upplýsingum til að utanaðkomandi geti áttað sig á dómsforsendum,“ segir Persónuvernd og bætir við:

„Að auki er það mikið álitamál hversu langt skuli ganga í að afhenda eða birta persónuauðkenni sakborninga, brotaþola og vitna, svo sem nöfn og kennitölur, og hvort slíkt sé í raun almennt nauðsynlegt til að tilganginum

með því að gera gögn dómstóla aðgengileg verði náð. Sé ákærði mjög ungur að árum getur verið sérstaklega umdeilanlegt að gera persónuauðkenni hans aðgengileg. Sé um að ræða sífjallspell getur og birting nafna og kennitalna verið mjög viðkvæm, en til þess og ýmissa fleiri atriða hefur raunar lengi verið litið við birtingu dóma hér á landi,“ segir stofnunin og bendir á að það séu viðkvæmar persónuupplýsingar hvort menn hafi verið grunaðir, kærðir, ákærðir eða dæmdir fyrir refsiverðan verknað.

Persónuvernd gerir sérstaka athugasemdir við að í frumvarpi dómsmálaráðherra sé ekki getið um birtingu dóma á heimasíðum dómstólanna á netinu. „Í ljósi þess að slík birting hefur nú tíðkast um nokkurt skeið má hins vegar telja æskilegt að um hana sé fjallað í lögum um meðferð sakamála,“ segir stofnunin.

gar@frettabladid.is

Hitablásarar
Rafmagns-, olíu- og gasblásarar. Fjöldi tegunda. Hagstætt verð.



MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Opð mán.-fös. kl. 8-18 laugardaga 9-16

www.murbudin.is Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is



Tvöfaldir Vildarpunktur

VISA Vildarkort

olis

Maðurinn sem fluttur var með þyrlu eftir vilsleðaslys er á batavegi:

Segist vera klaufi en ekki harðjagl

SLYS „Þetta er nú ekki það versta sem ég hef lent í,“ segir Jón Árni Guðmundsson, 56 ára Selfyssingur sem fluttur var með þyrlu Landhelgisgæslunnar í fyrrakvöld eftir hafa velt vélsleða sínum við Landmannahelli.

Eftir slysið þurfti Jón Árni að skriða með opið beinbrot á fótlegg í um það bil klukkustund að skála þar sem fólk hringdi eftir hjálp. Fyrir tilviljun var Flugbjörgunarsveitin á Hellu á ferð í næsta skála og hlúðu vanir björgunarmenn því að Jóni þar til þyrlumenn fluttu hann á sjúkrahús þar sem hann gekkst undir aðgerð.


Þótt Jón Árni geri lítið úr þrekaun sinni sver hann það af sér að vera harðjagl heldur sé hann augljóslega mikill klaufi og nefnir því til stuðnings að þetta sé í þriðja sinn sem hann brotni á sama fótlegg. Hann hyggist fara í fleiri vélsleðaferðir eftir að fóturinn hafi jafnað sig og búið sé að kaupa nýjan sleða.

„Ég vil svo koma á framfæri innilegum þökkum til björgunarmannanna í Flugbjörgunarsveitinni á Hellu og svo auðvitað til þyrlumannanna,“ segir Jón Árni sem nú dvelur á Landspítalanum í Fossvogi.

- kdk



Á BATAVEGI EFTIR VÉLSLEÐASLYS Jón Árni Guðmundsson þakkar björgunarsveitarmönnum og þyrlumönnum björgunina. Myndin tengist ekki fréttinni með beinum hætti.



Nafnspjald er ekki bara nafnspjald, það er andlit fyrirtækisins og það samskiptatæki sem ásamt heimasíðunni ratar víðast.



Sýndu mér nafnspjaldið þitt og ég skal segja þér hver þú ert.



1 Hverju gleymdi gestur á þorablóti á Hólmanvík sem greint var frá í Fréttablaðinu í gær?

2 Hvaða fyrirtæki hefur ákveðið að gefa starfsmönnum sínum kost á því að fá laun sín greidd í evrum?

3 Hvaða handknattleiksmaður segist frekar vera „stórskytta“ en miðjumaður?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Boris Tadic var á sunnudag endurkjörinn forseti Serbíu:

Þjóðerniseinangrun hafnað

SERBÍA, AP Boris Tadic, forseti Serbíu, fagnaði sigri í úrslitaumferð forsetakosninganna í landinu á sunnudag. Hann lýsti af því tilefni yfir í gær að hann hygðist hvergi hvika frá þeirri stefnu sinni að leita sem nánastra tengsla til vesturs, þrátt fyrir skiljanlega reiði þjóðernissinna yfir væntanlegri sjálfstæðisyfirlýsingu Kosovo-Albana.

Yfirkjörstjórn greindi frá því í gær að Tadic hefði fengið 50,5 prósent atkvæða en keppinautur hans, herskái þjóðernissinninn Tomislav Nikolic, 47,7 prósent. 1,8 prósent atkvæða hefðu verið ógild.

„Þetta er Serbía sem er á beinni leið inn í Evrópusambandið,“ sagði

Tadic er hann ávarpaði þúsundir stuðningsmanna í miðborg Belgrad í fyrrinótt. „Þetta er sigur fyrir alla Serbíu og lýðræðið í landinu,“ sagði hann.

Úrslitin þykja vísbending um að meirihluti Serba kjósi frekar nánari tengsl í vestur í stað þess að halla sér að Rússum, eins og Nikolic boðaði að heillavænlegra væri fyrir þjóðina. Sá boðskapur átti hlómgrunn, ekki síst vegna þess að við því er búist að Kosovo-Albanar, sem eru yfirgnæfandi meirihluti íbúa í serbneska héraðinu Kosovo, muni með stuðningi Vesturlanda lýsa þrátt yfir sjálfstæði og segja héraðið þar með formlega úr lögum við



FAGNAR SIGRI Boris Tadic gengur sigur-reifer á fund stuðningsmanna í Belgrad í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Serbíu. Rússar hafa aftur á móti með ráðum og dáð stutt serbnesk stjórnvöld í að beita sér gegn sjálfstæði Kosovo.

- aa

Fasteignamarkaðurinn:

Veltan minnkar jafnt og þétt

FASTEIGNIR Veltan á fasteignamarkaði hefur minnkað jafnt og þétt að undanfögnu. Veltan var rúmlega tveir milljarðar á markaðnum á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku en í vikunni frá 30. nóvember til 6. desember var hún sjö milljarðar.

Minnkandi útlán banka og lækkan á hlutabréfamörkuðum eru helstu ástæður minnkandi veltu. Samtals var gengið frá 72 kaupsamningum í síðustu viku en þeir voru rúmlega 170 í vikunni frá 30. nóvember til 6. desember.

Veltan á markaðnum á sama tíma í fyrra var meira en tvöfalt meiri, 4,6 milljarðar.

- mh

SPRENGIDAGSMÁLTÍÐIN ER KLÁR Á INNAN VIÐ 5 MÍNÚTUM!



GEIR H. HAARDE Forsætisráðherra segir að ef menn vilji breyta um gjaldmiðil taki slíkar breytingar mörg ár.

Ráðherra segir ekki standa til að skipta um gjaldmiðil:

Ríkisstjórnin sögð tala út og suður

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, og Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, lýstu á Alþingi í gær áhyggjum af tali tiltekinnar ráðherra ríkisstjórnarinnar um Evrópu- og myntmál.

Voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sögð tala með þeim hætti að mikilvægt væri að forsætisráðherra kvæði upp úr um stefnu stjórnvalda í málaflokkunum.

Steingrímur sagði ráðherrana tala út og suður og Valgerður sagði

þjóðina ekki vita hvað sneri upp eða niður í þessu stærsta hagsmunamáli hennar í dag.

Geir H. Haarde sagði ekki standa til að gera breytingar á gjaldmiðlinum á næstunni og lýsti jafnframt yfir að ef menn vildu hugsa sér einhverjar breytingar í þeim efnum tæki mörg ár að ná þeim fram. Hann gaf ekkert út á áhyggjur stjórnarandstaðinga af út og suður-tali eða að þjóðin væri í nokkurri óvissu.

Valgerður var ekki sátt við svör Geirs og sagði hann hafa andúð á Evrópusambandinu, evrunni og öðru tengdu. Því hafnaði Geir og sagðist þvert á móti hafa samúð með þessu öllu saman.

- bps



Ráðgjöf Kauppings er flutt í Borgartún 19

KAUPPING
Hugsum lengra

Ráðgjöf Kauppings veitir faglega og persónulega þjónustu í sjóða- og verðbréfa viðskiptum, auk ráðgjafar um lífeyrissparnað.

Við hvetjum þig til að hafa samband í 444 7000 eða heimsækja okkur í nýjum húsakynnum við Borgartún 19.



FRÁ ÓLAFSFJÖRÐI Ólafsfjörður og Siglufjörður eru innan sveitarfélagsins Fjallabyggðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNPÓRA

Aldraðir og öryrkjar fá afslátt:

Lækka álögur í Fjallabyggð

FJALLABYGGÐ Álögur á íbúa Fjallabyggðar vegna fasteignaskatts lækka um sex milljónir króna samkvæmt ákvörðun bæjarráðs frá 24. janúar síðastliðnum.

Mun álagning fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækka úr 0,475 prósentum í 0,400 prósent. Er það um 7.500 króna lækkan fyrir hverjar tíu milljónir fasteignamats á íbúðarhúsnæði. Að auki ákvað bæjarráð að hækka afslátt fyrir aldraða og öryrkja um 5 prósent og hækka tekjuviðmiðun um 3,3 prósent.

- ovd

ALÞINGI

Lögum um geislavarnir breytt

Einfalda á framkvæmd eftirlits með innflutningi, uppsetningu og breytingum á geislatakjum sem gefa frá sér jónandi geislun, samkvæmt nýju frumvarpi. Jafnframt á að fela Geislavörnum ríkisins nauðsynleg mælifráði og umsjón með og varðveislu landsmælingrunna fyrir jónandi geislun og geislavirkni.



Njóttu fríðindanna!

e-Vildarkortið færðu á sérkjörum í Gull- og Platinumpjónustu SPRON

Í **Gull-** og **Platinumpjónustu SPRON** færðu betri vexti, ýmis sérkjör og fríðindi ásamt persónulegri þjónustu og ráðgjöf.

Meðal fríðinda er e-Vildarkortið, alþjóðlega VISA-kreditkortið, þar sem þú safnar bæði Vildarpunktum Icelandair og færð endurgreiðslu í peningum.

**Vildarpunktar Icelandair
+ Endurgreiðsla í peningum**

= e-Vildarkortið

Njóttu ávinningsins – sæktu um á spron.is

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

 **spron**

Er þetta ekki orðið ágætt?

Skiptu yfir í boðgreiðslur

Óþarfa gluggapóstur finnur sér leið inn á of mörg heimili í dag. Á tímum rafræna greiðslna og vefvæðingar ætti gluggapóstur fyrir löngu að vera leifar gamals tíma, sóunar og óskynsemi. Svo ekki sé minnst á umhverfisspjöllin.

Með því að fara inn á www.or.is/bodgreiðslur getur þú lagt þitt af mörkum til umhverfisverndar og borgað reikningana þína með boðgreiðslum. Enginn pappír, enginn gluggapóstur, ekkert vesen.

Fyrstu 100 sem skipta yfir í boðgreiðslur fá glaðning frá Orkuveitu Reykjavíkur



• Ef allir viðskiptavinir OR skipta yfir í boðgreiðslur sparast 7068 kg af pappír á ári eða 295 tré.

www.or.is



Matti Vanhanen hitti Bill Gates:

Gagnrýna gjöf Microsoft

FINNLAND Mikko Alkio, fyrrverandi aðstoðarmaður forsætisráðherra í Finnlandi, var lykilmáðurinn í því að Microsoft skyldi gefa tölvuhugbúnað í finnska skóla, að sögn dagblaðsins Helsingin Sanomat. Alkio starfaði hjá Microsoft og aðstoðaði þá Matta Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, að komast á fund Bill Gates, stjórnarformanns Microsoft.

Á fundinum tók Vanhanen á móti gjöfinni og sagði hana í samræmi við markmið Finna um upplýsingasamfélagið. Heimkominn var Vanhanen sakaður um að stuðla að því að hefta samkeppni og gera skólana háða vörum frá Microsoft. - ghs



GJÖF Í FINNSKA SKÓLA Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finna.



FANGELSISMÁLASTJÓRI Páll Winkel segir að fangar séu nú vistaðir saman í þremur klfum á Litla-Hrauni og tveimur í fangelsinu í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fagfólk valdi fanga saman

Fagfólk sá um að velja saman fanga sem þarf að vista saman í klfum um stundarsakir. Þá hefur fagfólki verið fjölgað og eftirlit aukið á Litla-Hrauni.

FANGELSISMÁL Aukið eftirlit er nú á Litla-Hrauni í samræmi við fjölgun fanga, sem komin er til vegna þess að þangað hafa verið fluttir fangar frá fangelsinu á Akureyri vegna gagnberra endurbóta þar. Fagfólki á Litla-Hrauni hefur því verið fjölgað um stundarsakir.

Þetta segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, vegna athugasemdar Afstöðu – félags fanga – um að fangar á Litla-Hrauni séu nú vistaðir saman í klfum.

„Ég kynnti þetta úrræði fyrir Afstöðu fyrir nokkrum vikum,“ segir fangelsismálastjóri. „Ég greindi þeim frá því hvers vegna væri gripið til þessa, hvernig það yrði gert og í hversu langan tíma. Það komu ekki alvarlegar athugasemdir frá þeim.“

Fangelsismálastjóri segir að vistun fanga saman í klfum sé úrræði sem sé gripið til þegar margir koma til afplánunar og í gæsluvarðhald í einu.

„Staðan hefur einfaldlega verið þannig að undanförunu að lögreglan hefur verið afar dugleg í sinni vinnu og skilað mörgum í gæsluvarðhald og jafnframt hafa margir komið í afplánun á sama tímabili. Þá hefur fangelsið á Akureyri verið lokað um nokkurt skeið vegna gagnberra endurbóta á því í samræmi við nútímakröfur. Það verður opnað aftur í fyrstu viku marsmánaðar. Þar fáum við til baka tíu pláss sem hafa verið lokað vegna endurbótanna.“

Ekki var komist hjá því að flytja fangana í önnur fangelsi meðan á framkvæmdum stóð því þær hafa haft í för með sér mikið rask og rót.“

Fangelsismálastjóriundirstrikar ekki sé hending sem ráði því hvaða fangar séu vistaðir saman heldur séu þeir valdir af fagmönnum. Fangar séu nú vistaðir saman í þremur klfum á Litla-Hrauni og tveimur í fangelsinu í Kópavogi.

jss@frettabladid.is

Framkvæmdir við Víðistaðatún í Hafnarfirði:

Hjólabrettasvæði byggt

HAFNARFJÖRÐUR Ákveðið hefur verið að hanna og koma á laggirnir upphituðu og steypu hjólabrettasvæði við Víðistaðatún í Hafnarfirði á þessu ári. Svæðið verður fyrsta sinnar tegundar á Íslandi því að hvergi mun vera sérhannað svæði, upphitað og steypu, að sögn Margrétar Gauju Magnúsdóttur bæjarfulltrúa.

Gert verður ráð fyrir svokallaðri „skál“ á svæðinu auk um 800 fermetra af sérhönnuðu svæði með þarfir hjólabrettaiðkenda að leiðarljósi. Leitað verður eftir fagþekkingu að utan. Einnig geta línu-skautaiðkendur og hjólríðafólk nýtt sér aðstöðuna. Um útivistar-



VÍGT Í SUMAR Stefnir er að því að vígja hjólabrettasvæði í Hafnarfirði í sumar, að sögn Margrétar Gauju Magnúsdóttur bæjarfulltrúa.

svæði er að ræða. Margrét Gauja segir að stefnt sé að því vígja svæðið í sumar. - ghs

Morgunverðarfundur Slysavarnaráðs 6. febrúar á Grand Hótelu

2+2 EÐA 2+1 VEGIR:

Öryggi vegfarenda – kostnaður samfélagsins – erum við á réttri leið?

Skráning fer fram á www.lydheilsustod.is/skraning fyrir 5. febrúar

Dagskrá

Fundarstjóri:	Þóra Arnórsdóttir, fréttamaður
Kl. 08.00	Skráning og greiðsla þátttökugjalds
Kl. 08.25	Setning morgunverðarfundar Guðlaugur Þór Þórðarson, Heilbrigðisráðherra
Kl. 08.35	2+1 vegir - öruggur og ódýr valkostur Haraldur Sigþórsson, Línuhönnun
	2 + 2 = 0 – reiknum dæmið til enda Steinþór Jónsson, formaður Samstöðu og FÍB
	Framanákeyrslur 1998-2007 Gögn rannsóknarnefndar umferðarslysa um banaslysa Ágúst Mogensen, Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Kl. 09.35	Fyrirspurnir og pallborðsumræður Í panel verða: Haraldur Sigþórsson, Steinþór Jónsson, Ágúst Mogensen og Þórólfur Þórlindsson forstjóri Lýðheilsustöðvar
Kl. 10.00	Fundarslit

Þátttökugjald er 2.000 kr. og greiðist við upphaf fundarins
Innfalið í þátttökugjaldi er morgunverðarhlaðborð



VETRARDEKK

NEGLANLEG



	Stærð	Mál	útsöluverð
NordMaster ST	13"	175/70R13	5.990
NordMaster ST-310	14"	175/R6514	6.600
NordMaster ST	14"	185/65R14	6.900
NordMaster ST	15"	195/65R15	7.990
NordMaster ST	15"	205/65R15	8.600
NordMaster ST	15"	205/70R15	8.900
NordMaster ST-310	16"	205/55R16	9.990

 **Stilling**
www.stilling.is // stilling@stilling.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2008

Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á tæpum 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED

PEARSON
WE

PROMETRIC
Testing Centre

Partner

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

• Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 12.900
Fingrasetning - tölvuvélritun • 6 stundir/verð: 6.900

• Stafræn ljósmyndun

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

• Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/26.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

• Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • 18 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublið í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 8.900

• Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 24.500
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 36.500
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

• FileMaker

FileMaker I: Byrjendanám • 9 stundir/verð 16.900
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • 13 stundir/verð 24.900
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • 27 stund/69.900

• PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

• Outlook

Outlook: póstur, tímariða og verkefni • 13 st./verð 16.900
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

• Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

• Vefsíðugerð og Flash

DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
DreamWeaver og Photoshop • 54 stundir/verð 52.900
DreamWeaver, Photoshop og Flash • 72 st./verð 69.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

• Photoshop og Visio

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 27 stundir/verð 29.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Tölvu- og bókhaldsnám



Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur. Staðfestu þekkingu þína með því að taka ECDL (TÖK) prófin sem eru innifalín í náminu.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tímastjórnun og verkefnastýring

Lengd: 225 stnd./150 klst. Verð: 189.900
Kvöldnám 19:30-22:30 þr./fim. hefst 21. feb
Morgunnám 9:00-12:00 hefst 26. febrúar

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafræna myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst.
Verð: 16.900 - Kvöldnám hefst 19. febrúar

Photoshop Elements

Komdu á kvöldnámskeið og lærðu að vinna ljósmyndirnar þínar eins og fagmennirnir gera. Photoshop Elements hefur alla helstu eiginleika Photoshop og er auðlært og öflugt.

Lengd: 13 stundir/9 klst.
Verð: 16.900. Kvöldnám hefst 11. mars

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigjóð sin fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækinnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stnd./48 klst. Verð: 59.900
Kenn mán-fim.13-16 og hefst 18. feb.

Hagnýtt bókhald

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem er ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjors og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 99.900 staðgr.
Kvöldnám hefst 27. febrúar (19:30-22:30)
og morgunnám 26. mars (9-12 má/mi/fó).

PRINCE2

Lærðu verkefnastjórnun byggða á þálfreyndri alþjóðlegri aðferðarfræði sem er notuð til þess að undirbúa, áætla og stjórna stórum og smáum verkefnum með lágmarksáhættu og hámarks árangri.

Lengd: 18 stundir/12 klst.
Verð: 49.900. Nám hefst 8. febrúar, kennt á föstudögum kl 9-12.

Flash margmiðlun

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með forritinu sem er staðallinn hjá fagfólkinu.

Lengd: 18 stundir/12 klst.
Verð: 24.900. Hefst 11. febrúar (13-16) og 13. mars (16:15-19:15 þri./fim.).

Photoshop

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndun og prentun.

Lengd: 27 stundir/18 klst.
Verð: 29.900. Næst 21. febrúar (16:15-19:15)

DreamWeaver

Búðu til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við á einfaldan hátt.

Lengd: 27 stundir/18 klst.
Verð: 29.900. Næst 25. febrúar (13-16)

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfstöðugri við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 74.900

Gott að vita!

- ▶ VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ▶ Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- ▶ 30 daga ókeypis símapijónusta að loknu námi
- ▶ Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ▶ Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is



Hvít háglans innrétting

142 x 48 sm

BAÐ

INNRETTINGAR



Ölur á MDF 125 x 48 sm



Hvíttaður askur 120x48 sm



Hvítuð eik 120x48 sm



Eplaviður á MDF 152x48 sm



Ölur á MDF 182x48 sm



Hnota á MDF 120 x 48 sm



Kirsuberjaviður á MDF 162 x 48 sm



Hvít háglans 120x48



Fáanlegar á ákveðnar stærðir innréttinga




Black Galaxy



Imperial Brown



Blue Pearl



Black Absolute



East White



Mocca Crema

www.i-t.is



FJÖLSKYLDUHELGI

Hólmfríður Petersen, framkvæmdastjóri Vindáshlíðar, og Hrund Þórarinsdóttir djákni standa fyrir helgarnámskeiði fyrir foreldra og börn með áherslu á góð samskipti.

HEILSA 2



TANNVERNDARVIKA

Í tilefni vikunnar er nýr margmiðlunardiskur um munnhirðu kominn út sem verður kynntur á opnum fundi í fræðslusal Barnaspítala Hringins í dag.

HEILSA 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



„Hugurinn ber þig alla leið“

Kári Eyþórsson MPNLP

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fái?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.

NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.

Námskeið í NLP tækni verður haldið 22.-24.feb. og 29.feb.-02.mars 2008.

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992



Sandra Erlingsdóttir segist fá útrás með því að dansa hipphopp.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Hipphopp heldur manni lengur ungum í anda

Sandra Erlingsdóttir dansar afró og hipphopp-dans fimm daga vikunnar og segir nauðsynlegt fyrir alla að dansa.

„Ég var bara að koma heim frá Afríku núna í vikunni og búin að vera þar í heilan mánuð að læra meira í afróinu,“ segir Sandra Erlingsdóttir en hún er búin að dansa frá því hún man eftir sér og kennir bæði afróans og hipphopp í Kramhúsinu.

„Ég hef alltaf verið í dansinum, var í djassballett þegar ég var yngri en færði mig yfir í hipphopp og afró þegar ég var svona fimmtán ára.“

Sandra var við nám í gullsmíði í New York í þrjú ár og komst þar í kynni við hipphoppið og var líka í dansskóla á kvöldin meðfram náminu. Eftir að hún kom heim frá New York fór hún að kenna dans og segir dansinn vera aðalatvinnu sína núna.

„Ég var búin að æfa í Kramhúsinu síðan ég var fimmtán ára þannig að ég þekkti það vel og var búin að vera í afróans í þrettán ár líka en allt hipphopp kemur út frá afró og maður á mun auðveldara að dansa hipphopp ef maður hefur prófað afróansinn áður,“ útskýrir Sandra og segir sömu grunnatriði í

hipphopp-dansi og afróansinum, til dæmis það að vera alltaf boginn í hnjánum svo það sé auðveldara að hreyfa sig. Hún segir dansinn vera mjög góða hreyfingu og mælir með honum fyrir fólk á öllum aldri sem vill fá útrás fyrir daglegt amstur. „Þetta geta allir, í tímum hjá mér er til dæmis fólk sem hefur aldrei dansað áður og er að pluma sig vel, en það byrjar auðvitað í byrjendahóp.“

Sandra segist dansa hipphopp undir áhrifum frá krump, dansstefnu sem á upptök sín í Los Angeles og snýst um að fá útrás fyrir reiði. „Krump er einn af nýjustu stílunum í hipphoppinu og er mun harðari en aðrir stílar. Krump er dansað við harðari hipphopp-tónlist, ekki við R&B tónlist og núna er ég til dæmis að dansa við tónlist eftir 50 Cent, Hi-Tec og Jay Dilla,“ útskýrir Sandra. Hún hefur verið dugleg að sækja æfingabúðir bæði í Afríku og New York til að halda sér við og segir ekki á döfinni að snúa sér að einhverju öðru. „Nei ég hætti aldrei að dansa. Maður heldur sér ungum í anda með því að dansa og þetta er nauðsynlegt fyrir alla til að fá útrás fyrir þetta daglega líf, sérstaklega í skammdeginu.“

heida@frettabladid.is



KYNNINGARFUNDUR

Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38
Þriðjudaginn 5. feb. kl. 17:45

NÁM Í HÖNNUN, MIÐLUN & TÍZKU
milano • roma • venice • torino • barcelona • madrid

Istituto Europeo di Design hefur í 40 ár verið í fremstu röð Evrópskra hönnunarskóla. Nám hjá IED hentar vel nemum sem lokið hafa grunnnámi á lista- og hönnunarsviði svo og þeim sem lokið hafa BA námi, tengdu tísku og hönnun. Kennt er á ensku, ítölsku, eða á spænsku.



KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

FEBRÚAR

Kafbátur mánaðarins

BMT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



6 tommu bátur

299 kr.

Gildir í febrúar 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

17

Subway staðir um allt land



Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

07. febrúar kl. 18:00 - 21:00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi

09. febrúar kl. 11:00 - 14:00
Hlátúrjoga með jákvæðu ívafi
Ásta Valdimarsdóttir hlátúrjógakennari

12. febrúar kl. 17:30 - 19:00
Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

14. febrúar kl. 17:30 - 19:00
Heilbrigði skynsemi, og heilsan í lag
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT

Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103

YOGA YOGA YOGA

Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga

Allir yoga unnendur velkomnir

www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is



Hólmfríður Petersen og Hrunn Þórarinsdóttir standa fyrir fjölskylduhelgi í Vindáshlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Móðir og barn

Ný fimm vikna námskeið hefjast 5. febrúar.
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 9:15-10:15 og 10:30-11:30.

Áhersla er lögð á líkamsstöðu, grindarbotn, kviðvöðva, almenna styrktarþjálfun, liðkandi æfingar og fræðslu.

Boðinn er frjáls aðgangur að tækjasal Hreyfigreiningar meðan á námskeiðinu stendur.

Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkrapjálfi B.Sc sér um námskeiðið.

HREYFI GREINING
SJÚKRAPJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

Vetrarfrí í Vindáshlíð

Dagana 15. til 17. febrúar verður boðið upp á námskeið fyrir foreldra og börn um uppeldi og samskipti innan fjölskyldunnar í Vindáshlíð í Kjós.

Að námskeiðinu standa Hólmfríður Petersen, framkvæmdastjóri Vindáshlíðar, og Hrunn Þórarinsdóttir djákni en þær eru báðar uppeldisfræðingar að mennt og fyrirlesarar á námskeiðinu. Hugmyndin er að fjölskyldan geti átt notalega samverustund yfir helgi í Vindáshlíð og hefur ríkuleg dagskrá verið skipulögð með skemmtun ekki síður en fræðslu.

„Við Hrunn ætlum að fjalla um uppeldishætti foreldra og glímuna við ágreiningsmálin og vinnum út frá bókinni „Ræðum saman heima“ eftir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur og Árnýju Elíasdóttur,“ útskýrir Hólmfríður. Hrunn bætir við að einnig verði stuðst við bók Sigrúnar „Virðing og umhyggja“ sem kom út núna fyrir jólin. Boðið

verður upp á tvo fyrirlestra, annars vegar um uppeldishætti foreldra og hins vegar um leiðandi foreldra. „Flestir foreldrar reyna að halda uppi þessum uppeldisháttum en við ætlum að færa rök fyrir því af hverju þetta eru heilavænlegustu uppeldisaðferðirnar og það getur líka verið gott að fá áminningu um það hvað maður er að gera rétt,“ segir Hrunn.

Hún segir þær hafa reynt að setja námskeiðið þannig upp að fjölskyldan geti átt notalega stund saman án þess að þurfa að hugsa um matargerð eða þvotta. Eftir námskeiðið vilja þær að allir fari heim með verkfæri í höndunum til að geta leyst ágreiningsmál sem upp koma. „Við viljum í rauninni minna á hvað hægt er að gera saman í erli dagsins. Nýta tímann í þessu daglega sem maður þarf að gera og gera það skemmtilegt með fjölskyldunni og styrkja þannig fjölskyldutengslin,“ bætir hún við.

Krökkunum verður skipt upp í

hópa eftir aldri og hverjum hóp kennt hvernig á að leysa ágreiningsmál. Svo munu foreldrar og börn hittast, vinna verkefni saman og æfa sig í að leysa einhverja tilbúna klípu. Auk fræðslu og fyrirlestra verður líka skemmtun, náttfatapartí fyrir börnin og kósíkvöld fyrir foreldrana og mikið húllumhæ. „Það verður mikið fjör og ekta Vindáshlíðarstemning en það er svo mikilvægt að njóta þess að vera saman því börnin eru börn í svo stuttan tíma,“ segir Hrunn og Hólmfríður bætir því við að lokum að frekar eigi að tala um að nota tímann með börnunum en ekki eyða honum með þeim.

Hægt er að nálgast dagskrána á www.kfum.is og skrá sig í síma 588 8899 og er skráning í fullum gangi. Verð á mann er 5.900 krónur, ókeypis fyrir börn yngri en þriggja ára og hámarksverð fyrir fjölskyldu er 23.000 krónur. Innifalið í verðinu er gisting, mat og öll dagskrá. heida@frettabladid.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA



Dot er góður punktur fyrir þá sem vilja heyra vel.

Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.



HEYRNARMÆLINGAR

HEYRNARVERND

HEYRNARTÆKI

RÁÐGJÖF



„...fyrst á visir.is“



Nálastungur Íslands ehf.

Ríkhartur Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180

Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímappantanir í síma 534 9600

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is

Munnheilsan mikilvæg

Tannverndarvika 2008 stendur yfir og í tilefni hennar er nýr margmiðlunardiskur um munnhirðu kominn út. Hann verður kynntur á opnum fundi í fræðslusal Barnaspítala Hringins í dag milli ellefu og tólf.

„Allar vikur ársins ættu auðvitað að vera tannverndarvikur,“ segir dr. Inga B. Árnadóttir, forseti Tannlæknadeildar Háskóla Íslands og formaður Tannverndarráðs. Hún segir góða munnhirðu felast í að nota góðan tannbursta, tannþráð og flúortannkrem. Einnig að passa upp á mataræðið og fara reglulega í eftirlit. „Tannsjúkdómar eru svo margþættir og við verðum að sjá hlutina í samhengi,“ segir hún og útskýrir nánar. „Það er ekki nóg að bursta tennurnar á kvöldin ef menn eru nartandi í sælgæti alla daga eða stöðugt drekkandi eitthvað annað en vatn. Unga fólkinu stafar til dæmis stór hætta af ofneyslu gosdrykkja og orkudrykkja því þeir drykkir valda alvarlegri glerungseyðingu. Svo er nauðsynlegt að láta skoða tennurnar minnst einu sinni á ári því hægt er að stöðva tannsjúkdóma á byrjunarstigi með ýmsum forvarnarbrögðum.“

Inga situr fyrir svörum á fundi sem haldinn er í dag á Landspítalanum enda kemur hún fram á margmiðlunardiski sem Lýðheilsustöð og Heilsugæslan í Reykjavík hafa nýlega gefið út. Á honum eru meðal annars leiðbeiningar til þeirra sem bera ábyrgð á tannheilsu langveikra, fatlaðra og aldraðra. Sjálf átti Inga fatlaðan dreng



„Það er ekki nóg að bursta tennurnar á kvöldin ef menn eru nartandi í sælgæti alla daga eða stöðugt drekkandi eitthvað annað en vatn,“ segir Inga sem leikur á nýjum margmiðlunardiski um tannhirðu.

sem lést fyrir tveimur árum og diskurinn er gerður til minningar um hann. „Þetta er fyrsti diskurinn sem mér vitanlega er gerður hér á landi um tannvernd og vinna að honum hefur staðið þrjú til fjögur ár,“ segir hún. „Munnurinn er tilfinningaríkt svæði og með honum borðar fólk, kyngir og talar. Hver og einn ber ábyrgð á eigin munnheilsu en sumir einstaklingar eru þess ekki þess megnugir vegna fötlunar eða veikinda og þá kemur til kasta foreldra eða umönnunarstétta,“ bendir hún á.

Inga segir tannhirðu hjá þeim sem þurfi aðstoð við allt stundum vilja sitja á hakanum í annrúki

dagsins, þótt þeir séu að öðru leyti þrífir hátt og lágt. Oft sé því þó stjórnað hvenær þeir borði svo auðvelt ætti að vera að setja tannburstun á dagskrá eftir máltíðirnar. „Ef burstað er að minnsta kosti þrisvar á dag þá eru allir með hreina munna,“ segir hún.

Handbrögðin við tannhirðu annarra skipta miklu máli að sögn Ingu. Þau handbrögð er hægt að læra af hinum nýja margmiðlunardiski sem Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir á Lýðheilsustöð, hefur séð um framkvæmd á. Hann verður frumsýndur í dag og svo verður hægt að nálgast hann hjá Lýðheilsustöð.

gun@frettabladid.is



Brjóstastækkun er vinsælasta lýtaaðgerðin meðal breskra kvenna.

Ný andlit og brjóst

Breskar konur láta skurðhnífa laga andlit sitt í auknum mæli.

Alls fóru 32.453 konur úr breska konungsveldinu í lýtaaðgerð á andliti árið 2006, en það er 12 prósentu aukning milli ára, eftir því sem fram kemur hjá Sambandi breskra lýtalækna. Þar sem margir úr þeirri stétt eru ekki meðlimir þeirra samtaka er talan vafalaust miklu hærri, en af sjúklíngum sambandsins var 91 prósent konur, þótt svuntuaðgerðir og brjóstaminnkun ykst einnig til muna meðal karla.

Meðal kvenna fóru 4.238 í and-

lits- eða hálsstrekkingu, en það samsvarar 37 prósentu aukningu milli ára. Sem fyrr er vinsælasta aðgerðin meðal kvenna brjóstastækkun, en fast á hælana koma augnlokaaðgerð, andlitsstrekking, fitusog og brjóstaminnkun.

Segja samtök lýtalækna að ástæðu þessarar miklu aukningar sé að finna í aukinni aðsókn í lýtaaðgerðir án skurðaðgerðar, með fylliefnum og Botox.

Breskir karlar fara oftast undir hnífinn til að fegra nefið, en vaxandi vinsælda nýtur fitusog, aðgerðir á augnlokum og eyrum, sem og andlitsstrekking.

- blg

Öruggir vegir

Morgunverðarfundur um öryggi vegfarenda verður haldinn á morgun.

Fundurinn er á vegum Slysavarnaráðs og er undir yfirskriftinni „2+2 eða 2+1 vegir: Öryggi vegfarenda – kostnaður samfélagsins – erum við á réttri leið?“ Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra setur fundinn sem verður haldinn á Grand hóteli í Reykjavík og hefst klukkan 8.25. Áhugasamir skrá sig á vef Lýðheilsustöðvar.

- eð



Þar sem umferðarpungi er mikill getur verið nauðsynlegt að hafa fleiri en eina akrein í hvora átt.

UMBROT

Tökum að okkur að setja upp prentverk, stór sem smá.

Auglýsingar, bækur, blöð, dreifibréf, fréttabréf,

fermingarkort, gjafakort,

nafnspjöld, tímarit og hvað

eina sem þarf að prenta.

AUGLÝSINGAR

Útbúum auglýsingar í alla

prentmiðla.

Einnig skjá-, strætisvagna- og skiltaauglýsingar.

Láttu þínar upplýsingar sjást.



Grensásvegi 12A
108 Reykjavík

sími: 568 1000 // frum@frum.is // www.frum.is

„Aldrei verið hressari!“



Heilsuvara ársins
í Svipjóð
2003, 2004 og 2005

Fæst í apótekum og heilsubúðum.

Original Arctic Root

Ein vinsælasta lækningajurt heims

Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.

Vinnur gegn streitu og álagi

Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi og nýtur nú mikilla vinsælda.



-hafðu það gott

Höfum nánast allt sem þarf til dýrahalds!

Búr, fóður, búnað
og fylgihluti

Furðufuglar & fylgifiskar

Leggjum sérstaka
áherslu á að bjóða
handfóðraða páfagauka
og sjávarlífverur

www.tjorvar.is

ÚTSALA! ÚTSALA! 6.-16. FEBRÚAR.
20-70% AFSL.

www.tjorvar.is

BORGARHOLTSBRAUT 20 • 200 KÓPAVOGUR • S.5811191

dýrin stór og smá

ÞRIÐJUDAGUR 5. FEBRÚAR 2008



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hundagallerí

Smáhundaræktun



Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier

Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími:566-8417 Fax:5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is





Heimasæturnar Arna Margrét og Inga Sóley með hundana. Kotra liggur á gólfinu en Týra er með hvolpana uppi í sófa.

Greindir vinnuþjarkar

Gunnar Guðmundsson hefur ræktað Border Collie-hunda um nokkurra ára skeið og stendur ásamt öðrum fyrir fjárhundanámskeiði næstu helgi.

„Þetta er tveggja daga námskeið, fyrir þá sem eru komnir lengra af stað. Við erum að fá Colin Gordon, einn nafntogaðasta mann í bransanum, til að leiðbeina okkur sérstaklega með áframhald á keppnishundunum okkar,“ segir Gunnar Guðmundsson hundaræktandi um fjárhundanámskeið sem fer fram um næstu helgi í Söðulsholti á Snæfellsnesi.

Gunnar hefur verið hvatamaður fyrir því að fá erlenda fjárhundaþjálfara til landsins

og fengist við hundarækt um nokkurra ára skeið. „Já, ætli ég sé ekki eini áhugamaðurinn á landinu sem tekur þátt í fjárhunda-keppnum en á engar kindur,“ segir Gunnar, sem á tvær Border Collie-tíkur, Kotru og Týru, sem er nýbúin að gjóta átta hvolpum, en tveir misfórust og eftir eru sex. Hvolparnir eru undan innfluttum, fulltömdum keppnishundi, en þeim hefur fjölgað hérlandis.

Gunnar segir Border Collie og skyldar tegundir henta einna best til smölunar, þótt aðrar eins og íslenski hundurinn komi líka vel til greina. „Border Collie er skemmtilegur og greindur hundur sem auðvelt er að temja, kenna fínu hreyfingarnar og stilla



Mikilvægt er að venja hunda og kindur hvert við annað því annars getur illa farið.



Hér sést hvar Týra hefur synt í ísköldu vatninu í Jökulsárlóni upp á ís.

MYND/GUNNAR GUÐMUNDSSON



Hérna sést tíkin Týra með afkvæmin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hann af í góðri fjarlægð. Hann er sterkastur í að sækja fé og er áhugasamur um vinnuna. Svo hefur hann einn kost umfram aðra hunda, sem er þetta einstaka þjónustueðli við manninn,“ segir Gunnar og bætir við að fólk megi þó ekki láta orku hundsins vaxa sér í augum, hún rjátli af honum við þjálfun.

Að mörgu þarf að huga við þjálfunina, því ef ekki er haldið rétt á spöðunum er hætt við því að hundurinn bít kindurnar. Gunnar segist vita til þess að fella hafi þurft hunda sem réðust á kindur af því að þjálfunin var ekki nógu góð. Hann segir líka mikilvægt að menn venji kindurnar við smalahunda og kenni þeim að víkja fyrir þeim án þess að hundarnir þurfi að sýna þeim hörku. Því miður sé það alltof sjaldgæft að menn hugsi út í það en slíkt geti endað með ósköpum. Þannig séu dæmi um að kindur hafi hreinlega stangað hunda fram af klettum og drepð.

Árlega fara fram nokkrar keppnir þar sem eigendum smalahunda gefst færi á að sýna

fimi dýranna, en 22 hundar tóku þátt á síðasta landsmóti og fer fjölgaandi. Næsta mót fer fram í ágúst sem er ákveðin nýbreytni þar sem mótið og aðrar keppnir fara yfirleitt fram eftir smölun. „Ástæðan er sú að hópurinn sem tekur þátt er svo dreifður um land allt. Þannig að það er alltaf erfitt að koma sér saman og finna vettvang. Svo eru menn með kindur heima hjá sér, sem þarf að huga að,“ útskýrir Gunnar og bætir við að draumurinn sé að fjölga keppnum einhvern tímann í framtíðinni, svo hægt sé að halda þær hverja helgi eins og erlendis.

Gunnar hvetur áhugasama að mæta á fyrirhugað námskeið. Því miður sé orðið fullt á það en alltaf hægt að fylgjast með úr áhorfendastúku. „Svo er þetta tækifæri fyrir byrjendur að fá góð ráð,“ segir hann. „Menn geta líka haft samband við mig með því að senda póst á sveipur@hive.is eða tekið þátt í spjalli á www.123.is/smali. Svo heldur félagið úti síðu á sfi.vefurinn.is.“

-rv

Húsbóndahollir og þrjóskir

Það kemur sér vel fyrir Líf Kjartansdóttur að vinna í gæludýrabúð en hundarnir hennar tveir éta 45 kíló af þurrfóðri á mánuði.

Diego og Paris eru hreinræktaðir Dogue De Bordeaux en einungis 24 hundar þeirrar tegundar eru til hér á landi. Líf Kjartansdóttir hefur átt tíkina Paris í eitt ár en hundinn Diego í tvö ár eða frá því að hann fæddist. Þau eru systkini úr fyrsta goti Dogue De Bordeaux hundakynsins hér á landi.

Diego er 60 kíló og Paris 45 kíló og hafa náð fullri þyngd en munu halda áfram að breikka og stækka til þriggja ára aldurs. Þau éta 45 kíló af þurrfóðri á mánuði.

„Þetta er svolítið dýrt en ég fæ gott verð því ég vinn hérna í dýrabúðinni,“ útskýrir Líf sem tekur hundana með sér í vinnuna á hverjum degi. „Þau eru bara eins og heima hjá sér hérna í búðinni, liggja, sofa og borða. Ég hreyfi þau annaðhvort fyrir eða eftir vinnu og þau elska snjóinn og finnst gaman að synda. Ég fer með þau á Raudavatn eða Elliðavatn eða bara eitthvert upp á fjöll og sleppi þeim. Þau eru oftast góð í taumi líka, nema ef þau sjá kött þá rjúka þau af stað og þá fylgi ég bara með í gegnum runna eins og flagg á eftir þeim.“

Líf er mikil dýramanneskja og á hverjum jólum setti hún gæludýr á jólagjafalistann sinn og tók sérstaklega fram að það ættu að

vera lifandi dýr svo hún fengi ekki einhvern tuskubangsa í pakkann. Hún fékk stundum ósk sína uppfyllta og rifjar upp að hafa fengið kött ein jólin.

„Við systkinin fórum nú hálfilla með hann án þess að fatta það, settum hann í dúkkuvagninn og í poka á öxlina og þóttumst vera að flytja að heiman. Hann varð á endanum bældur og var látinn fara. Svo fékk ég fiska líka en þeir dóu líka smátt og smátt. Svo átti ég líka hest og fór mikið á hestbak sem krakki.“

Líf segir Diego og Paris koma vel saman og þau hlýði yfirleitt þótt þau geti verið mjög þrjósk. „Þau hlýða alltaf fyrir rest en eru oft að spekulera hvað þau fái fyrir og eru alls ekki heimsk.



Líf með hundana sína tvo, Diego og Paris.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ef þau fá ekki það sem þau vilja geta þau starað á mig klukkutímum saman með fýlusvip,“ útskýrir Líf og segir að ef þeim hafi einhvern tímann verið leyft að fara

upp í rúm þá fari þau þangað aftur og aftur og þykjast sofna. „Stundum eru þau líka búin að taka af mér sófann og ég enda á stofuborðinu.“

-rt

Við erum **kátir** og hamingjusamir hvolpar



Það er Pedigree hvolpafóðrinu að þakka!

Pedigree[®]

Fyrir hundinn þinn

Farin að vinna aðeins hálfan daginn

Boxertíkin Emma hefur varla sleppt úr degi í vinnunni í tíu ár. Nú hefur hún þó minnkað við sig og vinnur aðeins hálfan daginn.

„Ég eignaðist hana Emmu í gegnum vinkonu mína,“ útskýrir Sigurjón Fjeldsted trésmiður það hvernig boxertíkin Emma varð hluti af fjölskyldu hans fyrir rúmum tíu árum. „Ég átti annan hund af labradorkyni sem veiktist mikið þegar hann var ungur. Ég ákvað því að söðla alveg um og vinkona mín reddaði mér þessum boxerholpi,“ segir Sigurjón en Emma er aðeins ein af níu hvítum boxerum á landinu og sú fyrsta sem fæddist á Íslandi. „Þegar við frúin sáum hana var nafnið komið,“ segir Sigurjón og bætir við þeirri skemmtilegu staðreynd að þrír af þessum níu hvítum boxerhundum heiti einmitt Emma.

„Hún þótti auðvitað mjög spes til að byrja með og fólk átti það til að banka upp á heima hjá manni og biðja um að fá að sjá hvíta boxerinn,“ segir Sigurjón. Hann segir að hvítu hundarnir séu gjarnir á að fæðast blindir og heyrnarlausir en það sé þó allt í lagi með Emmu sem fæddist með eitt blátt auga og annað brúnt. Brúna augað missti hún þó ekki fyrir löngu þegar hún greindist með krabbamein í því. Sigurjón segir það þó hafa

ótrúlega lítil áhrif á líf hennar að vera eineygð.

Sigurjón er beðinn að lýsa skapgerð Emmu: „Emma er yndislegur hundur, hún þarf ekki að vera í ól enda eltir hún mann og maður getur skilið hana eftir fyrir utan búð. Svo getur hún verið í krakkaþóp og maður þarf ekki að hafa neinar áhyggjur. En það er kannski lýsandi einkenni fyrir boxerinn að vera haldinn slíkri stóískri ró,“ segir Sigurjón en játar því þó að sumir séu hræddir við útlit boxersins enda hafi tegundin upphaflega verið hugsuð sem varðdýr. „Hún er samt voðalega blíð og góð og um leið og fólk kynnist henni sér það hvað hún er yndisleg þótt hún sé kannski ófríð upp að vissu marki,“ segir hann glettinn.

Nú er farið að síga á seinni hluta ævi Emmu. Hún er á ellefta ári en yfirleitt er talað um að hundar af þessu kyni verði um átta til tíu ára. „Allur sá tími sem við fáum með henni héðan í frá er bara bónus,“ segir Sigurjón en Emma hefur fylgt honum til vinnu á hverjum degi í þessi tíu ár. „Hún hefur kannski misst úr einn eða tvo daga öll þessi ár en núna er hún bara farin að vinna hálfan daginn,“ segir Sigurjón sem fer heim með Emmu í hádeginu þar sem hún sefur í körfunni sinni þangað til dóttir Sigurjóns kemur heim. „Ef ég fer ekki heim í hádeginu er hún orðin verulega pirruð út í mann upp úr tvö,“ útskýrir Sigurjón kíminn.



Emma fæddist með eitt blátt auga og annað brúnt. Það brúna missti hún vegna krabbameins en Sigurjón segir það lítið há henni að vera eineygð.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

Tónlistarskóli



Kontrabassanám

Fyrir stráka og stelpur á öllum aldri.

Kennari: Páll Hannesson
Páll hefur mikla reynslu af tónlistarkennslu, ásamt því að hafa leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 1982.



Fiðlunám

Fyrir byrjendur og lengra komna.

Kennari: Vera Steinsen
Vera á að baki mjög víðtækt nám og reynslu á sviði tónlistar.



Sellónám

Fyrir alla aldurshópa, byrjendur og lengra komna.

Kennari: Victoria Tarevskaia
Victoria hefur lengi kennt tónlist ásamt því að hafa spilað í 7 ár með Sinfóníuhljómsveit Moldóvu og núna með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hljóðfærahúsið í samstarfi við Tóney

Skráning fer fram hjá Tóney, Síðumúla 8, í síma 551 3888 eða á heimasíðunni www.toney.is



SÍÐUMÚLA 20 - Sími 591 5350 - www.hljodfaerahusid.is



Falleg hundarúm í miklu úrvali.

Dýrabær

Smáralind og Hlíðasmára 9,
www.dyrabaer.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Dýralif.is

Lang mesta úrvalið og bestu verðin!

Frábær tilboð út þessa viku

30% afsláttur
af öllum fiskabúrum
og fiskavörum.

30% afsláttur
af öllum nagbeinum.

Dýralíf • Stórhöfða 15 • Sími: 567-7477 • Dýralif.is

Fibro-Trespo
Baðplötur

Nýtt!
Flísabaðplötur..
Auðvelt að setja upp..
Auðvelt að þrifa..

SMELLUKERFIÐ
Aqualock

Stærð: 600 x 2400mm
www.korkur.is

PP & CO P. PORGRÍMSSON & Co
Ármúla 29 - Sími: 568 8640



Gullhamstur er sá sem flestir Íslendingar þekkja, er frá Síberíu og fæst í ýmsum lítaafbrigðum; algengast er brúnt og hvítt, ljósbrúnt og hvítt og loks kremað. Þessi tegund er bæði til loðin og snögghærð. Sérstakt sag þarf undir loðnu gerðina, gróft sag en ekki spæni, sem hættir til að festast í feldinum. Ef það gerist þarf að greiða feldinum, þar sem hann á til að flækjast. Líftími þessarar blíðu og lyktafylltu tegundar er á bilinu tvö til fjögur ár. Henta vel bæði stakir eða þá tvö systkini af sama kyni í búri. Hamsturinn kostar 900 krónur snögghærður og síðhærður 1.400 krónur.



Kínverskur dverghamstur. Gráir og brúngráir hamstrar sem þykja minna á mýs þótt langt skott vanti og skrokkurinn sé lengri og grennri. Eru ljúfir, meðfæralegir og bíta nánast aldrei. Finnst gaman að leika sér í höndum mannfólks og vefja sig um fingurna eins og mýs gera. Henta ekki vel saman nema um par sé að ræða. Eru lyktafylltir líkt og rússnesku dvergarnir og vilja hafa snyrtilegt í kringum sig. Líftími er tvö til þrjú ár. Hamsturinn kostar 2.500 krónur.



Rússneskur dverghamstur í höndum starfsmanns Dýraríkisins. Litlir og ýmist gráir með svartar rendur á bakinu, ljósgráir með dökkgráar rendur eða kremaðir á litinn. Þeir fást líka hvítir en þá er yfirleitt eitthvað grátt í feldinum. Henta ekki í sambúð með öðrum nema um par sé að ræða. Eru „grimmarí“ og gjarnari á að bíta en gullhamstrar þótt það sé alls ekki algilt. Yfirleitt bíta þeir þó af ástæðu; finna mat af höndum viðkomandi eða eru hræddir. Eignast færri afkvæmi en stærri dýrin, á bilinu fimm til sex unga. Líftími er um það bil tvö ár. Hamsturinn kostar 2.500 krónur.

Heitir hamstrar

Hamstrategundum hefur fjölgað á Íslandi. Það er af sem áður var þegar eingöngu fengust gullhamstrar

og nú er hægt að nálgast frændur þeirra frá Rússlandi og Kína. Hér eru myndir af þessum þremur tegundum

sem þykja hafa gefið hvað besta raun og útlistun á útliti þeirra og helstu eiginleikum.

Gerðu vel við hundinn þinn!

Gott vöruúrval - Hágæða hunda- og kattafóður!



LÍFLAND


Lynghálsi 3 • Sími: 540 1125
Lónsbakka, Akureyri • Sími: 540 1150
www.lifland.is

Ekkert rúm loftar betur

Á venjulegri nóttu losar líkaminn sig við um 350 millilítra af svita. Safnast þegar saman kemur og á 10 ára tímabili þarf dýnan að soga í sig meira en 1.200 lítra!

Auping rúm og dýnur er sérstaklega hönnuð til að losa sig við raka þannig að hann safnist ekki upp eins og í venjulegum rúmum og það tryggir þér þægilegri og heilbrigðari svefn nótt eftir nótt, ár eftir ár. Viltu vita meira? Komdu og prófaðu nýju og frábæru rúmin frá Auping.

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is



auping

NÆRFÖT



MÓTEFNI VIÐ KULDA

Gerð: ULLARNÆRFÖT

Gunnar - Ingjaldur - Hallgerður - Langbrók

Efni: Undurmjúk Merino ull

Þyngd: 190g

Stærðir: XS - XXL



WWW.CINTAMANI.IS

SPJARABU ÞIG

bílaland B&L

bíla
land^{B&L}
notaðir bílar

Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230. Opíð virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

Tilboðsbílar



HYUNDAI GETZ
Nýskr: 11/2004, 1300cc
3 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 62.000 þ.
Verð: 990.000
Tilboðsverð 830.000



HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 06/2003, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 101.000 þ.
Verð: 1.940.000
Tilboðsverð 1.550.000



HYUNDAI SONATA
Nýskr: 11/1998, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 135.000 þ.
Verð: 550.000
Tilboðsverð 380.000



HYUNDAI TRAJET
Nýskr: 06/2001, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 124.000 þ.
Verð: 880.000
Tilboðsverð 720.000



RENAULT LAGUNA II
Nýskr: 12/2005, 2900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 26.000 þ.
Verð: 2.980.000
Tilboðsverð 2.350.000



RENAULT SCENIC
Nýskr: 11/2001, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Brúnn,
Ekinn 87.000 þ.
Verð: 830.000
Tilboðsverð 580.000

Verð frá 500.000 til 1.500.000



ARCTIC CAT M8
Nýskr: 11/2000, 0cc
1 dyra, Sleðar, Svartur,
Ekinn 1.600 þ.
Verð: 1.170.000



MITSUBISHI PAJERO SPORT
Nýskr: 10/2000, 2500cc
5 dyra, Beinskiptur, Grænn / Brúnn,
Ekinn 213.000 þ.
Verð: 1.230.000



RENAULT KANGOO
Nýskr: 07/2005, 1400cc
6 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 36.573 þ.
Verð: 1.190.000



SUZUKI VITARA
Nýskr: 07/1998, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 106.000 þ.
Verð: 720.000



TOYOTA RAV4
Nýskr: 12/2002, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 56.000 þ.
Verð: 1.480.000



VOLKSWAGEN GOLF
Nýskr: 03/2000, 1400cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur,
Ekinn 100.000 þ.
Verð: 750.000

Verð frá 1.500.000 til 3.000.000



FORD ESCAPE
Nýskr: 07/2005, 2300cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 52.000 þ.
Verð: 2.190.000



HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 10/2004, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 95.000 þ.
Verð: 2.490.000



HYUNDAI TUCSON
Nýskr: 07/2005, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Hvítur / Svartur,
Ekinn 79.000 þ.
Verð: 2.070.000



LAND ROVER DISCOVERY SERIES III
Nýskr: 07/2003, 0cc
5 dyra, Beinskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 100.000 þ.
Verð: 2.780.000



RENAULT LAGUNA II
Nýskr: 08/2003, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 95.000 þ.
Verð: 1.580.000



RENAULT MEGANE II
Nýskr: 12/2007, 1600cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 1.000 þ.
Verð: 2.380.000

3.000.000 +



HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr: 09/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár / Grár,
Ekinn 21.000 þ.
Verð: 3.690.000



HYUNDAI TERRACAN
Nýskr: 03/2005, 2900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur / Grár,
Ekinn 52.000 þ.
Verð: 3.210.000



LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr: 07/2005, 4200cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár,
Ekinn 23.000 þ.
Verð: 10.700.000



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT
Nýskr: 06/2006, 4200cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 21.000 þ.
Verð: 9.500.000



MERCEDES C200
Nýskr: 03/2007, 1800cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 5.000 þ.
Verð: 3.980.000



NISSAN PATROL
Nýskr: 11/2005, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár,
Ekinn 16.000 þ.
Verð: 4.590.000

Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is

Allt að 100% lán í boði

Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:

Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074
Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S: 456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S: 464 1888 - Sauðárkrúkur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir að ráða starfsfólki fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Aukavinnu í boði ef vill.
Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is

Veitingahús
Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.
Upplýsingar í síma 894 0292.

ÞJÓNUSTA VIÐ ELÐRI BORGARA
Vilt þú koma í vinnu þar sem lífsandi er góður og vinnuástanda frábær?

Leitum að áhugasömum starfsmanni til þess að vinna vaktavinnu í Félagsmiðstöðinni að Norðurbrún 1.

Í Norðurbrún eru 60 leigubúðir og stendur íbúum til boða margs konar stuðningsþjónusta alla daga vikunnar.

Um hlutastarf er að ræða, en einnig kemur til greina fullt starf. Viðkomandi þarf að geta talað íslensku, vera þjónustulundaður og hafa áhuga á því að vinna með fólki.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður í síma 568-6960

Ísbar/Booztbar, Kringlunni.

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf: dagvinnu á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálf dags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

Starfskraft vantar í afgreiðslu um kvöld og helgar. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

Traust fyrirtæki óskar eftir reglusömum starfsmanni í ýmissi lagerstörf. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og vera reyklus. Upplýsingar um aldur, fyrri störf, meðmæli og mynd sendist til augl.deildar Fréttablaðsins á smaar@frett.is merkt „lager 10“.

Traust fyrirtæki óskar eftir reglusömum starfsmanni í sölustarf. Viðkomandi þarf að hafa metnað, góða samskiptahæfileika og geta unnið sjálfstætt. Uppl. Um aldur, fyrri störf, meðmæli og mynd sendist til augl.deildar Fréttablaðsins á smaar@frett.is merkt „sölustarf“.

Vélavörð og háseta vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnotabát. Einnig vantar matsvein á 80 tonna netabát. Báðir eru gerðir út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Málameitari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 844 1173.

Járnsmiði

Óskum eftir dulegum og samviskusömum mönnum vönum járnsmiði. Upplýsingar í síma 692 8091.

Snyrtifræðingur

Snyrtifræðingur eða nemi óskast til starfa. WWW.HENDUR.IS

Næturvinna

Starfsmaður óskast í næturvinnu. WWW.HENDUR.IS

Safnanir

Íþróttafélag, félagsamtök og aðrir stórir hópar. Vantar fólk til skamms tíma í talningu. WWW.HENDUR.IS

Bílstjóri

Bílstjóri óskast til starfa við útteyrlu nú þegar, aldurstakmark 20 ár. Nánari uppl. í s. 699 1705, Gæðafæði ehf.

Atvinna óskast

Eldri múrari óskar eftir múrverki td. múra bílskúra, kjallara, ýmsar viðgerðir, hlaða veggj og pússa, einnig flísalögn. Uppl. í s. 866 3175.

Óska eftir vinnu við innkaup í Asíu. Hef búið í 8 ár í Thailandi og starfað við útlutning þáðan. Hef mjög góða reynslu af bæði kínna og Thailandi bæði sérvöru og matvöru til Íslands og fleiri lands. Hef starfað með helstu fyrirtækjum í þessum geirum á Íslandi. Áhugasamir sendið email á bragival@gmail.com

2 smiðir geta bætt við sig verkefnum, stórum og litlum. S. 844 0615 Isabella.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn o.fl. S. 845 7158.

Vantar starfsfólk?

Hendur.is er nýr vefur sem aðstoðar fyrirtæki við að finna rétta starfsfólkið. Ef auglýsingin skilar ekki árangri færðu hana frítt. WWW.HENDUR.IS

allt atvinna
Alla sunnudaga

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Þarftu að auglýsa fyrirtækið þitt?



Hafðu samband við sökumann í s. 512 5407 og fáðu tilboð í smáauglýsingar



„Sílfurrefurinn“ Jónnes Órn Jónhannesson (öðru nafni Mone) starfsmaður Raftækjalagersins verður fertugur í dag 5. feb

Stjórn SKOTREYNAR boðar til aðalfundar miðvikudaginn 27. febrúar í félagsheimilinu Álfnesi kl. 20. Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstjórn.

Auglýsingasími

512 5050



- Mest lesið



Lipurta snyrtistofa í Hafnarfirði óskar eftir snyrtifræðing og/eða naglafræðing í fullt starf og hlutastarf. Áhugasamar sendi póst á halla@lipurta.is



Vélstjóra vantar á ísfisktogara. Uppl. í símunum 899 0830 og 896 3939.

Hrói Höttur
Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal og útteyrlu. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, milli kl. 10-14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is

TILKYNNINGAR

STOLIN KERRA



Óskað er eftir upplýsingum um stolna bílaflutningakerru

Óskað er eftir upplýsingum um bílaflutningakerru er stolið var um helgina við Hamarshöfða 2 110 Reykjavík. Á kerruna vantar tvö dekk vegna tjóns. Staðfest er að kerran var á staðnum seinnipart laugardags og hefur því verið tekin aðfarnótt sunnudags eða á sunnudag.

Ef einhver hefur upplýsingar um kerruna þá vinsamlega hafið samband við Tryggingamiðstöðina hf 515-2800 og eða í tölvupósti hogni@tm.is



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Sími 515 2000 / Fex 515 2020 / www.tryggingamistodin.is

ATVINNA

5. febrúar 2008 PRÍÐJUDAGUR

Fifa
ALLT FYRIR BÖRNIN
Barnavörverslunin Fifa óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf
Viðkomandi þarf að hafa áhægi af mannlegum samskiptum, góða framkomu og frumkvæði, áreiðanlegur, reglusamur og stundvís. Áhugasamir hafi samband í síma 896-5960 eða sendið umsókn á fifa@fifa.is
Barnavörverslunin Fifa
Höngvagnhólinni • Bólshöfða 20 • 110 Reykjavík • s: 5522522

STÝRIMAÐUR

Stýrimann vantar á ísfisktogara.

Uppl. í símunum 8990830 og 8963939

FASTEIGNIR

Þarftu að leigja?

rentus
LEIGUMIDLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

RE/MAX
Skeifan

Faxafeni 8
108 Reykjavík
Sími 412 3400

Hótel eða íbúðarhótel

Okkur hefur verið falið að leita að gistiheimili, hóteli eða íbúðarhóteli til sölu eða leigu fyrir trausta aðila.

Nánari upplýsingar veitir **Elísabet lögg. fasteignasali** í síma 412 3400 eða elisabet@remax.is.

www.remax.is/skeifan

EIGNAMIDLUN
sala fasteigna í 50 ár

Sími: 588 9090

Síðumúla 21 - www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is - Fax: 588 9095

Sverrir Kristinnsson löggiltur fasteignasali

HOLTASMÁRI 1 - LEIGA - 1. OG 8. HÆÐ



Um er að ræða hluta jarðhæðar sem er mjög gott verslunarrými á jarðhæð og 8. hæð hússins. Á 8. hæð er stór matsalur, vinnusalir, fundarsalur, o.fl. Hæðin gæti einnig hentað sem skrifstofur. Mjög stórar svalir eru á 8. hæðinni en á öðrum hæðum eru einnig góðar svalir. Á jarðhæð er gott verslunarrými. Fjöldi bílastæða er við húsið, m.a. í bílageymslu. **Húsnæðið er laust.**
Nánari upplýsingar veitir **Hákon Jónsson fasteignasali**.



AFMÆLISSKEMMTUN FYRIR VESTAN Börnin á leikskólanum Sólborg á Ísafirði fögnuðu tíu ára afmæli á föstudag.

Sólborg á Ísafirði fagnar 10 ára afmæli

Leikskólinn Sólborg á Ísafirði fagnaði tíu ára afmæli á föstudag. Í tilefni dagsins var boðið til veislu í leikskólanum þar sem ýmislegt var gert til hátíðabrigða.

Skólinn fékk margar góðar gjafir og að því er fram kemur í fréttum á landsmálavefnum Skutli vakti indjánaþjald sem Þorsteinn Þráinsson færði leikskólanum fyrir hönd Fjarðanets

mesta hrifningu. Í afmælinu söng Sólborgarkórinn skemmtileg afmælislög með textum eftir Hildi Jósepsdóttur leikskólakennara og boðið var upp á glæsilega afmælistertu.

Leikskólinn Sólborg starfar eftir ítalskri uppeldistefnu sem kennd er við borgina Reggio Emilio. Í henni er lögð megináhersla á sköpun, tjáningu og gagnrýna hugsun.

Útskrift og nýjar námsbrautir

Næsta laugardag, 9. febrúar næstkomandi, verða fjörutíu nemendur brautskráðir frá Háskólanum á Bifröst. Frá félagsvísindadeild útskrifast fjórir nemendur með BA-gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði og einn með MA-gráðu í menningarstjórnun. Frá lagadeild útskrifast fimmtán nemendur með BS-gráðu í viðskiptalögfræði og sjö með ML-gráðu og frá viðskiptadeild útskrifast átta nemendur með BS-gráðu í viðskiptafræði og fimm með MS-gráðu, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá skólanum.

Tónlistarskóli Borgarfjarðar annast tónlistarflutning við athöfnina og verða verðlaun veitt fyrir góðan námsárangur. Dr. Ágúst Einarsson rektor flytur hátíðarræðu.

Nemendur Háskólans á Bifröst eru nú um 1.100 talsins að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá skólanum. Þar segir einnig frá nýjum námsbrautum en í janúar síðastliðnum hófst kennsla



NÝJAR NÁMSBRAUTIR Kennsla í meistaranámi í stjórnun heilbrigðisþjónustu í viðskiptadeild hófst á Bifröst í janúar. Frá haustinu hefst síðan BS-nám í viðskiptafræði á ensku.

í meistaranámi í stjórnun heilbrigðisþjónustu í viðskiptadeild. Alls eru námsbrautir í meistaranámi við skólann sjö talsins. Næsta haust hefst síðan kennsla í viðskiptafræði til BS-prófs sem öll fer fram á ensku og er þar jafnframt um nýja námsleið að ræða. Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.bifrost.is



AUKINN FARÞEGA STRAUMUR Tíðari flugferðir til Hafnar í Hornafirði hefjast innan skamms. Ferðunum fjölga enn frekar í sumar.

Fleiri flugferðir á Höfn

Flugfélagið Ernir bætir við flugi á Höfn frá og með 19. febrúar næstkomandi. Frá því að Ernir tók við flugi á Höfn hefur farþegastraumur aukist mikið að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá félaginu.

Vegna þessarar aukningar hefur verið tekin sú ákvörðun að bæta við

flugi á þriðjudögum, en ekki hefur verið flogið áður þá daga. Um er að ræða hádegisflug á þriðjudögum yfir veturinn og síðan verður flogið að morgni og á kvöldin yfir sumaríð. Þessar breytingar taka í gildi 19. febrúar og verður þá flogið hvern einasta virka dag og á sunnudögum til Hafnar í Hornafirði.

EKKI VERA SÚR

Eru tennurnar í sýruþaði oft á dag?

Sýran í sykrudum og sykurlausum gosdrykkjum getur eytt glerungi tannanna – og hann kemur aldrei aftur.

Drekktu vatn – líka kolsýrt vatn!



ENNEW / SIA / N125204

www.skattur.is

8. febrúar

Við minnum á að enn er tími til að skila gögnum á rafrænu formi

- Launamiðar og verktakamiðar
- Bifreiðahlunnindamiðar
- Hlutfjármiðar
- Launaframtal
- Skýrsla um viðskipti með hlutabréf
- Ýmis lán til einstaklinga
- Stofnsjóðsmiðar
- Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit
- Greiðslumiðar – leiga eða afnot
- Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI



Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra www.rsk.is



STUÐ MILLI STRÍÐA Söngur Khufu

FREY GÍGJU GUNNARSSYNI ER GERT AÐ HNEIGJA SIG



Síðastliðna viku hefur kötturinn Khufu verið í pössun á heimilinu. Hingað til hefur gæludýraeign íbúanna verið bundin við hamstur að nafni Brynjar og sá var rétt að komast í takt við heimilshaldið

eftir tveggja ára dvöl þegar honum var vinsamlegast gert að víkja um stundarsakir. Enda hefði kötturinn að öllum líkindum reynt eftir fremsta megni að éta litla saklausa nagdýrið á meðan heimilisfólkið væri á bak og burt.

Þrátt fyrir að kettir séu jafn vinsælir fjölskylduvinir og til dæmis hundar eru dýrin eins ólík og svart

og hvítt. Hundar eru til að mynda ekki eftirsóknarverð trúartákn. Þeir eru þó dýrkaðir og dáðir hjá hindúum í Nepal en múslimar eiga ekki hunda enda taldir skítug dýr. Því hefur hins vegar verið haldið fram að Múhamed spámaður hafi átt kött. Sá hét Muezza og var eiganda sínum svo kær að ef Muezza svaf á klæðum eiganda síns þá kaus Múhamed frekar að ganga nakinn um en að styggja ferfætlinginn. Ekki má gleyma kattardýrkun Egypta sem reistu glæsilegar grafir til minningar um köttinn sinn.

Og kettir eru ákaflega meðvitaðir um sérstöðu sína í gæludýraheiminum. Kettir ákveða hvenær á að leika og hvenær ekki. Hundar klóra í hurðina af hungri en köttur-

inn stekkur á eiganda sinn og vælir ef hann langar í eitthvað gömsætt. Hlýði maður ekki kalli kattarins þá heldur hann mjálmi sínu bara áfram og reynir að trufla mann við heimilisstörfin með öllum tiltækum ráðum. Og það þýðir ekkert að segja kettinum að þegja eins og hundi eða sitja.

Og þannig hefur kötturinn Khufu haldið heimilisfólkinu á tánum að undanfögnu. Þrátt fyrir að klukkan sé fjögur að morgni þá á að leika með bolta eða klóra honum. Vilji enginn vakna þá hefur hann upp sína raust þar til einhver gefst upp. Enda er Khufu minnugur þess að forfeður hans voru dýrkaðir eins og guðir og maður abbað ekki upp á slíka veru.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fánlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Verð frá kr.:
16.900

www.eirvik.is

EIRVÍK -há-gæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

28.000 GESTIR Á AÐEINS 18 DÖGUM

LANGVINSÆLASTA KVIKMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG 3 VIKUR Á TOPPNUM!

"Tær snilld!"
Séð og Heyrt



"Brúðguminn er fljót að ná tökum á áhorfendum og missir aldrei dampinn, verður sterkari eftir því sem liður á og skilur mikið eftir sig og er myndin enn einn sigur Baltasars Kormáks á farsælum leikstjórnarferli."

- Frjáls Verslun



"Hún er grátbrosleg, beisk, súrsæt, sorgleg en umfram allt er hún yndisleg."

- Dóri DNA, DV

"Brúðguminn er heilsteypt og skemmtileg mynd sem kemur eins og ferskur andvari inn í skammdegið."

- Sigríður Pálsdóttir, Kvika Rás 1



Frábær mynd. Hún er falleg, sár og myndin. Allt gekk upp, leikur, leikmynd, saga, hljóð, mynd og allt sem þarf til að gera fina bíómynd.

- Sigurjón M. Egilsson, Mannlíf

"Með Brúðgumanum efnir Baltasar Kormákur öll loforðin sem fyrri bíómyndir hans hafa gefið."

- Silja Aðalsteinsdóttir, Viðskiptablaðið

SÖGN EHF KYNNIR KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

BRÚÐGUMINN



"Brúðguminn er skemmtileg mynd sem lætur áhorfendur hlæja og líða vel"

- Gunnar Hjálmarsson, FBL



"Íslenska kvikmyndavörinu lauk 16. janúar sl. Þá hófst langbráð íslenskt kvikmyndasumar með frumsýningu Brúðgumans eftir Baltasar Kormák sem er best heppnaða kvikmynd Íslendinga til þessa."

- Jakob Frimann Magnússon



"Hreint út sagt frábær mynd í alla staði, leikararnir skila stórkostlegum frammistöðum, fyndið og dramatískt í senn."

Besta íslenska fil-gúdd myndin fyrr og síðar"

- Stefán Sigurjónsson, X-ið FM 9.77

SÝND Í KVIKMYNDAHÚSUM UM LAND ALLT

Viðskiptavinir Glitnis fá 20% afslátt af miðaverði á kvikmyndina
BRÚÐGUMINN þegar þeir greiða með greiðslukorti frá Glitni.

GLITNIR

KL. 20

! Kvikmyndin *Occupation 101* verður sýnd í *Alþjóðahúsinu, Hverfisgötu 18*, í kvöld kl. 20. Myndin fjallar um hina langvinnu deilu á milli Ísraels og Palestínu, líf Palestínnumanna í hersefni landi, hlutverk Bandaríkjaanna í deilunni og helstu hindranir sem standa í vegi fyrir friði. Aðgangur að viðburðinum er ókeypis og öllum opin.

menning

menning@frettabladid.is

Hádegi í Hafnarfirði

Hádegistónleikaröð Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, heldur áfram á nýju ári næstkomandi fimmtudag. Þá koma fram þau Bjarni Thor Kristinsson bassi og Antonía Hevesi píanóleikari og flytja fagra tóna fyrir áhorfendur. Efnisskrá tónleikanna er að þessu sinni helguð tónskáldinu Wolfgang Amadeus Mozart og því ljóst að flestir ættu að geta notið hennar.

Bjarni Thor nam sönglistina hér heima og við óperudeild Tónlistarháskólans í Vín. Vorið 1996 var Bjarni ráðinn til þriggja ára sem aðalbassasöngvari Þjóðaróperunnar þar í borg. Að því verkefni loknu sneri hann sér að lausamennsku og hefur komið víða við á ferli sínum. Hann hefur sungið í ríkisóperunni í Berlín auk þess að koma fram í óperuhúsunum í Chicago, París, Verona, Feneyjum og Flórens svo eitt-hvað sé nefnt. Bjarni þekkir vel til tónskáldsins Mozarts þar sem að hann söng hlutverk Osmíns í margrómaðri uppfærslu Íslensku



BJARNI THOR KRISTINSSON Kemur fram á hádegistónleikum í Hafnarborg á fimmtudag.

óperunnar á Brottnáminu úr kvennabúrinu haustið 2006. Hlaut Bjarni Grimuna, leiklistarverðlaun Íslands, fyrir frammistöðu sína.

Antonía Hevesi er fædd í Ungverjalandi. Hún útskrifaðist árið 1988 úr F. Liszt Tónlistarakademiunni í Búdapest með meistaraþráðu í kórstjórn og sem framhaldsskólakennari í söng- og hljómfraði. Antonía fluttist til Íslands árið 1992 og frá því í september 2001 hefur hún verið búsett í Hafnarfirði. Antonía hefur haldið fjölda tónleika sem orgelleikari og píanoméleikari víða um heim, en hún starfar nú sem meðleikari og æfingapíanisti við Íslensku óperuna. Að auki hefur hún verið listrænn stjórnandi hádegistónleikaraðar Hafnarborgar frá því árið 2003.

Tónleikarnir hefjast kl. 12 og standa yfir í um hálfu klukkustund. Þeir eru hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk í Hafnarfirði til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Aðgangur er ókeypis og öllum opin á meðan húsrúm leyfir. - vþ

www.volkswagen.is

Passat 4x4 LÚX



Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Ferðalag í ljóðum

Tónlistarháttíðin Myrkir músíkdagar stendur nú sem hæst. Á hennar vegum fara fram áhugaverðir tónleikar í Norræna húsinu í dag. Söngkonan Margrét Bóasdóttir og píanóleikarinn Daníel Þorsteinsson flytja lög eftir tónskáldið Jón Hlödver Áskelsson við ljóð eftir Þorgeir Sveinbjarnarson, Jón Bjarman, Sverri Pálsson og Snorra Hjartarson. Ljóðin verða ekki aðeins sungin heldur mun Kristján Valur Ingólfsson lesa þau upp.

„Á tónleikunum verða fluttir tveir

lagabálkar, eða söngvasveigar eins og ég kys að kalla þá,“ segir Jón Hlödver aðspurður um efnisskrá tónleikanna. „Fyrri sveigurinn kallast Vísur um draum, en hann samanstendur af tónlist sem ég samdi við við tólf ljóð úr ljóðabók Þorgeirs Sveinbjarnarsonar, Vísur um drauminn. Ég lenti í höfuðaðgerð fyrir nokkrum árum og átti í kjölfarið erfitt með að einbeita mér að lengri textum. Ég gat aftur á móti vel lesið ljóð og tók þá hálfgerðu ástfóstri við þessa bók Þorgeirs; ég lærði hana meira að segja utan að. Ég ákvað svo að semja lög við tólf ljóðanna og var þessi sveigur frumfluttur í Reykholti árið 2005 í tilefni af því að 100 ár voru þá liðin frá fæðingu Þorgeirs Sveinbjarnarsonar.“

Einnig verður fluttur söngvasveigur sem kallast Mýrarminni, en í honum hefur Jón Hlödver

samið tónlist við ljóð eftir þá Jón Bjarman, Sverri Pálsson og Snorra Hjartarson. „Faðir minn, Áskell Jónsson var frá bænum Mýri í Bárðardal, og því þótti mér viðeigandi að semja tónlist við þessi þrjú ljóð þar sem þau tengjast bænum öll á einhvernum hátt. Fyrsta ljóðið í sveignum er eftir Jón Bjarman og fer hann í því draumföllum frá Bjarnarstöðum í Bárðardal inn að Mýri. Ljóð Sverris varpar fallegu og glaðlegu ljósi á þátt söngs og tóna á Mýrarheimilinu í uppveiti föður míns. Ljóð Snorra Hjartarsonar vekur svo ljúfsáran söknun eftir þeirri stemmingu sem ríkti á Mýri. Þannig býður sveigurinn hlustendum í ferðalag um landsvæði og tíma sem er mér hjartfólginn,“ segir Jón.

Ljóst er að hér fara tónleikar sem áhugafólk jafnt um ljóðlist



MARGRÉT BÓASDÓTTIR Flytur lög Jóns Hlödvers Áskelssonar við ljóð ýmissa skálda.

sem tónlist ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.15. Almenn miðaverð er 1.000 kr., en eldri borgarar, öryrkjar og namar fá miðann á 500 kr.

Myrkir músíkdagar standa fyrir fleiri viðburðum í dag; Camilla

Söderberg kemur fram í tónleikahúsinu Laugarborg í Eyjafirði kl. 20.30 og leikur tónlist sem byggist á blokkflautum og rafhljóðum. Að auki leikur tónlistarhópurinn Njúton á tónleikum í Iðná kl. 20 og frumflytur þar verk eftir sex nútímatónskáld. vigdis@frettabladid.is

Aukasýningar á La Traviata

Mikil eftirvænting ríkir meðal íslenskra óperuunnenda eftir uppfærslu Íslensku óperunnar á La Traviata eftir Verdi, sem frumsýnd verður næstkomandi föstudag, 8. febrúar kl. 20 og er þegar orðið uppselt á þær tíu sýningar sem upphaflega voru ráðgerðar.

Vegna þessarar miklu aðsóknar hefur Íslenska óperan ákveðið að bæta við tveimur aukasýningum á verkinu, föstudaginn 29. febrúar kl. 20, en þá syngur Hulda Björk Garðarsdóttir hlutverk Víolettú, og miðvikudaginn 5. mars kl. 20, og syngur þá Sigrún Pálmadóttir hlutverkið.

La Traviata er sett upp í leik-

stjórn Jamie Hayes, sem er íslenskum óperuunnendum að góðu kunnur fyrir sýningarnar Macbeth, Tosca og Brottnámið úr kvennabúrinu í Íslensku óperunni á síðustu árum. Horft er til fyrri hluta síðustu aldar í umgjörð sýningarinnar og má búast við litríkri og spennandi sýningu, með frábærum söngvurum í aðalhlutverkum.

TÓNLIST Sigrún Pálmadóttir syngur Víolettú og er bætt við aukasýningum vegna mikillar aðsóknar.



Sýningarlok í StartArt

Allt gott tekur enda. Nú fer hver að verða síðastur að berja augum áhugaverðar sýningar sem settar voru upp ekki alls fyrir löngu í sýningarrýminu StartArt á Laugavegi 12b.

Þar sýna listakonurnar Sigríður Valtingoer og Elín Helena Evertsdóttir ólík verk sín. Sýning Sigríðar kallast „Ferð án endurkomu“ og má á henni sjá myndir sem hafa ótvíræða pólitíska skírskotun. Sýning Elínar kallast „Pong“ og er hljóðverk sem byggist upp á hljóði borðtenniskúlu sem skoppar. Sýningunum lýkur báðum á morgun.

Nýjar sýningar verða opnaðar í StartArt á fimmtudag.



STARTART Sýningarsalur á Laugavegi.

TDI®
FÁANLEGUR
MEÐ TDI®
DÍSELVÉLINNI

4MOTION®
EINSTAKUR
4X4 DRIF-
BÚNAÐUR

EYÐIR
AÐEINS FRÁ
6,7 l/100 km

**KOLEFNIS-
JAFNAÐUR**
Í EITT ÁR

DÚXAÐI Á
EURO NCAP
PRÓFINU

5 SINNUM
GULLNA
STÝRIÐ

**SVEIGJAN-
LEGIR**
SOLUMENN

us sem drífur þig áfram.

Passat Variant sameinar kraft, þægindi og magnaða akstursupplifun

Í fjórhjóladrifinni útfærslu færir Passat Variant þér kraftinn sem gerir allan akstur skemmtilegri og gerir gæfumuninn í erfiðri færð. Innra rýmið í Passat er í algjörum sérflokk, vel búið farþegarýmið setur ný viðmið fyrir þig og þína. Komdu og láttu lúxusinn drífa þig áfram.

Passar Variant 4MOTION® kostar aðeins frá
3.475.000 kr.

Eða 39.900 kr. á mánuði miðað við gengistrygðan bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 6,19%.

Aukahlutapakki fylgir

Fjarlægðarskýrnirar að framan og aftan, 16" álfelgur, hiti í sætum, dökkar afurruðar, króm-bogar á þaki, leður á stýri og girstangartúð.



Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Ökutímar í Reykjavík



LEIKLIST Lay Low verður á sviði þegar Ökutímar koma upp í Reykjavík í haust.

Sýningum á bandaríska leiknum Ökutímum lauk á sunnudagskvöld á Akureyri. Voru þá 38 sýningarkvöld að baki en rýma verður fyrir verkinu Dubbeldush eftir Björn Hlyn Haraldsson sem er nú í æfingum. Leikfélag Akureyrar hefur hug á að koma sýningunni upp í Reykjavík á komandi hausti. Ekki er afráðið hvar verkið verður sett upp en það hlaut almennt góðar umsagnir þeirra sem sáu, bæði gagnrýnenda og áhorfenda sem voru um 4.400 þegar upp var staðið. Tónlistin í sýningunni sem tónlistarkonan Lay Low sér um er nýkomin út á geisladiski. Norðanmenn eru nú að búa sig undir stóra frumsýningu í Samkomuhúsinu á föstudagskvöld en þá er Fló á skinni frumsýnd með norðlensku sniði eftir breytingar og staðfærslu Gísla Rúnars Jónssonar sem steig sín fyrstu spor á sviði í samkomuhúsinu fyrir löngu löngu síðan.

Ný og yngri Marple

Sjónvarpsstöðin breska ITV hefur staðið að framleiðslu sjónvarpsmynda um eina þekktustu söguhetju Agötu Christie, fröken Marple, í mörg ár. Nú dregur til tíðinda úr þeim herbúðum; sjónvarpsstöðin hefur hafið leit að nýrri leikkonu í hlutverkið.

Geraldine McEwan, sem hefur leikið fröken Marple í síðustu tólf sjónvarpsmyndunum hefur ákveðið að hætta í hlutverkinu. McEwan var sjötug þegar hún tók hlutverkið að sér en nú, fimm árum seinna, þykir henni kominn tími til að veita nýrri leikkonu tækifæri til að spreyta sig.

Þeir sem kunnugir eru áherslum í sjónvarpsefni nútímans láta það vart koma sér á óvart að ITV íhugar að finna yngri leikkonu til að fara með hlutverkið. Aðdáendur fröken Marple þurfa þó ekki að óttast að hún umbreytist í tvítuga þokkadís í stuttu pils og með tíkarspena í hárinu; áformin fela víst eingöngu í sér að finna í hlutverkið leikkonu nær fimmtugu en sjötugu. Því verður enn um sinn nokkurri tryggð haldið við sögur Agötu Christie, enda má gera ráð fyrir að lestrarhestar um heim allan myndu láta duglega í sér heyra ef hróflað yrði um of við huggulegri þorpsstemningunni sem einkennir líf fröken Marple.

Ýmsar leikkonur breskar hafa verið nefndar



GERALDINE MCEWAN Hættir að leika fröken Marple.

sem hugsanlegir arftakar McEwan. Þeirra á meðal eru Julie Walters, Geraldine James og Sue Johnston. Nú er bara að bíða og sjá hver hreppir hnossið.

- vþ

SKÓLAHREYSTI

Vinningshafar síðustu viku



Hagaskóli

Ekki missa af
Skólahreysti
kl. 20.00
á Skjá einum.
Hver sigrar
í kvöld?

MJÓLKURSAMSALAN
www.ms.is



> HJÁLPARTÆKI

Samkvæmt ítalska þvagfæralæknum Mariu Cerruto eru háir hælar ágætis hjálpartæki ástarlísins. Rannsóknir hennar sýna fram á að konur sem ganga að staðalri í háum hælum fái sterkari grindarbotnsvöðva en þær sem ganga á flatbotna skóm. Kynlífspekúlöntum er tíðrætt um mikilvægi umræddra vöðva fyrir gott kynlíf, svo þarna gæti lausnin verið komin.



folk@frettabladid.is

Uppselt í stúkuna

Uppselt er í stúku á 20 ára afmælistónleikum Sálarrinnar hans Jóns míns í Laugardalshöll 14. mars næstkomandi. Seldust miðarnir upp á innan við sólarhring. Til að bregðast við mikilli ásókn í sæti hefur verið ákveðið að bæta við 250 sætum fyrir neðan stúkuna og hefst sala í þau sæti í dag klukkan 10 á milli.is.

Á tónleikunum mun Sálin hafa sér til halds og trausts blásara, strengjasveit, Gospelkór Reykjavíkur og fleiri aðstoðarmenn, auk þess sem von er á leynigestum. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og opnar húsið klukkan 21.

SÁLIN Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns heldur afmælistónleika í Laugardalshöll 14. mars.



Hörkustuð hjá Benassi

Ítalski plötusnúðurinn Benny Benassi þeytti skífum á tvennum tónleikum á Broadway um helgina. Stemningin var gríðargóð enda er Benassi annálaður stuðbolti.


Benassi er einn af frumkvöðlum „electrohouse“-stefnunnar sem hefur verið áberandi í klúbbum víða um heim. Hefur hann endurhljóðblandað lög fyrir þekkt nöfn á borð við Outkast, Goldfrapp, Moby og Public Enemy.

Fyrri tónleikarnir á Broadway voru fyrir 16 ára og eldri og hófust þeir klukkan 20 en hinir síðari hófust klukkan 00.30.

HAUKUR OG ANDRI Félagarnir Haukur og Andri stíllu sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins.



BENASSI Benny Benassi hélt uppi mikilli stemningu á Broadway.



Í STUÐI Þeir Frikki, Danni og Maggi voru í hörkustuði á Broadway.



GAMAN Kara, Þórdís og Sara hlustuðu á Benassi þeyta skífum.



VINKONUR Vinkonurnar Harpa, Laufey og Selma létu sig ekki vanta á tónleikana.



ÖSKUDAGSBALL Á ÖSKUDEGI

Verið velkomin á öskudagsball í Gerðubergi miðvikudaginn 6. febrúar kl. 14-16.

Jón Víðis sýnir töfrabragð og hljómsveitin Fjörkarlarnir spilar.

Kötturinn sleginn úr tunnunni úti á torgi.

Krakkar á öllum aldri eru hvattir til að mæta í öskudagsbúningum.

Veitt verða verðlaun fyrir flottasta búninginn!

Frábær skemmtun! Aðgangur ókeypis – allir velkomnir.

Í samstarfi við Félagsmiðstöðina Miðberg

www.gerduberg.is



Mammút fer í hljóðver

Hljómsveitin Mammút er á leiðinni í hljóðver til að taka upp sína aðra plötu. Sveitin hefur undanfarna mánuði verið að vinna að nýjum lögum og ætlar nú að hljóðrita þau.

Áætlað er að platan komi út í lok maí og hefur sveitin samið við hið nýstofnaða útgáfufyrirtæki Record Records um að gefa plötuna út. Verður platan fyrsta útgáfan undir merkjum þess. Mammút, sem vann Músíktilraunir árið 2004, gaf út samnefnda plötu sína tveimur árum síðar sem fékk mjög góðar viðtökur bæði hér heima og erlendis.



MAMMÚT Hljómsveitin Mammút er að undirbúa sína aðra plötu.

Ertu að leita að bestu Vöxtunum? **15,05%**

Allt að 15,05%* vextir á óbundnum sparnaðarreikningum hjá S24



Stofnaðu reikning... www.s24.is

533 2424 - Sætún 1



SYLVESTER STALLONE Vöðvabúntið mikla er með tvær nýjar hasarmyndir í undirbúningi.

Tvær myndir frá Stallone

Sylvester Stallone ætlar að leikstýra og fara með aðalhlutverkin í tveimur nýjum hasarmyndum. Framleiðendurnir verða þeir sömu og framleiddu fjórðu myndina um stríðshetjuna Rambo, sem hefur fengið góðar viðtökur í Bandaríkjunum.

Flestir héldu að ferill Stallone væri á hraðri niðurleið eftir að hann lék í myndinni Spy Kids 3D: Game Over og fylgdi henni síðan á eftir með hinum lítt vinsælu raunveruleikabáttum The Contender. Síðan þá hefur kappinn sent frá sér Rocky Balboa og Rambo sem hafa báðar hitt rækilega í mark vestanhafs.

Ullarinniskórnir seljast vel

Fallegir ullarinniskór prjónaðir af Handprjónasambandi Íslands hafa selst vel síðan þeir voru auglýstir í netverslun hljómsveitarinnar Amiina fyrir tæpu ári.

„Þeir hafa verið að seljast mjög vel. Við getum samt ekki verið með þetta í jafnmiklu upplagi og við myndum vilja, því þetta er prjónað af konum á vegum Handprjónasambandsins hérna heima og þær eru margar að gera þetta í „aukajöbbum“ eða bara á kvöldin,“ segir María Huld Markan Sigfúsdóttir úr Amiina, en inniskórnir hafa selst í um eitt hundrað eintökum. „Þannig að það er ekki hægt að selja þetta í massaupplagi en þeir hafa selst vel, sérstaklega fyrir jólin. Við erum búnar að fá myndir af einhverjum skoskum ömmum í ullarskóm,“ segir hún og hlær. „Þetta er rosalega praktískt. Þetta eru í rauninni inniskór og ullarsokkar í einu. Þetta er hlýtt og gott, enda úr íslenskum plötulopa.“

Vinsæl viskastykki

Viskastykki með myndum af þeim Amiina-stúlkum hafa einnig selst vel í netversluninni. „Það eru margir sem kaupa þau til að nota, hengja upp á vegg eða hafa sem dúk. Þau hafa rokið út, okkur til mikillar skemmtunar,“ segir María, en hönnuður þeirra er Egill Kalevi Karlsson, sem hefur unnið náið með stúlkunum undanfarin ár. „Þau hafa selst í nálægt þúsund eintökum og eru ekki búnar að vera lengi í sölu. Við höfum farið með þau út með okkur og þau rjúka út eins og heitar lummur.“



AMIINA Hljómsveitin Amiina selur ullarinniskó á netinu.



ULLARINNISKÓR Ullarinniskór Amiinu eru seldir bæði í rauðum og grænum lit.

Hægt er að nálgast bæði inniskóna og viskastykkin, auk annars varnings, í gegnum heimasíðuna myspace.com/amiina.

Spila í Belgíu og Sviss

Framundan hjá Amiinu eru tónleikar á listahátíð í Belgíu 15. febrúar þar sem einnig koma fram Jóhann Jóhannsson, Seabear og

Ólafur Arnalds. Daginn eftir spilar sveitin síðan á tónlistarhátíð í Sviss og í vor spilar hún á Listahátíð í Reykjavík.

Sveitin er þegar byrjuð að safna efni í nýja plötu sem mun fylgja eftir frumburðinum Kurr sem kom út á síðasta ári við góðar undirtektir.

freyr@frettabladid.is

Johnson með nýja plötu

Áttunda plata tónlistarmannsins Jack Johnson, Sleep Through the Static, er komin út. Johnson, sem gaf út sína fyrstu plötu árið 2001, var áður þekktur sem brimbretta- maður og er margverðlaunaður sem slíkur. Eftir að hann ákvað að snúa sér að tónlistinni hefur hann selt plötur sínar í yfir fimmtán milljónum eintaka.

Johnson er einnig kvikmyndagerðarmaður og á að baki myndirnar September Sessions og Thicker Than Water. Að auk er hann mikill umhverfisverndarsinni og var nýja platan til að mynda tekin upp með 100% sólarorku. Fyrsta smáskífulag plötunnar nefnist If I Had Eyes og er þegar tekið að hljóma í útvarpi.



JACK JOHNSON Tónlistarmaðurinn Jack Johnson hefur gefið út plötuna Sleep Through the Static.


25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÚNINGUM Í NETTÓ



netto

> Króatísk stelpa í Hamar

Kvinnalið Hamars hefur fengið liðstyrk í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta því króatíski leikstjórnandinn Iva Milevoj er á leiðinni til liðsins. Milevoj er 23 ára gömul og 173 cm á hæð en hún lék með Winthrop-háskólanum þar sem hún var með 9,6 stig, 6,2 stoðsendingar og 2,2 stolna bolta í leik á sínu síðasta ári. Ari Gunnarsson, þjálfari Hamars, vonast til að hér sé sterkur leikmaður. „Þetta er búið að vera erfitt tímabil fyrir stelpurnar og mér finnst margir af ósigrunum hafa komið út af því að þær hafi ekki alveg trú á því að þær geti unnið. Mig langar að sýna stelpunum að það vanti lítið upp á og þessi leikmaður á að hjálpa okkur í því,“ sagði Ari.



sport
sport@frettabladid.is

KRISTINN JÓNASSON FJÖLNISSMAÐUR: SKORAÐI NÍU STIG Á SÍÐUSTU FIMM MÍNÚTUM Í UNÐANÚRSLITALEIKNUM**Vissi ekkert hver staðan var í leiknum**

Kristinn Jónasson og félagar í Fjölni tryggðu sér sæti í bikarúrslitaleik Lýsingarbikars karla með ótrúlegum endaspretti gegn Skallagrími í Borgarnesi á sunnudagskvöldið. „Ég heyrði það bara eftir leikinn að Hlynur Bæringsson hefði verið eitthvað voðalega spennur fyrir Vesturlandslag en það verður bara alvöruslagur í staðinn,“ sagði Kristinn í léttum tón og bætti við: „Góðir leikmenn stíga upp þegar á þá reynir og ég var búinn að vera rólegur í þessum leik og ekki að reyna mikið. Maður tók bara smá kipp í fjórða leikhlut,“ sagði Kristinn sem skoraði 9 stig á síðustu fimm mínútum leiksins þegar Fjölnir breytti stöðunni 78-65 fyrir Skallagrím í 83-85 sigur. „Taktíkin var að fara inn á Sean Knitter inn í teig. Það er erfitt að stoppa hann því hann er með frábærar hreyfingar. Þeir voru að tvöfalda á hann sem opnaði fyrir alla hina,“ segir Kristinn sem jafnaði leikinn með þriggja stiga körfu þegar 50 sekúndur voru eftir. „Þegar ég setti þristinn niður í lokin þá vissi ég ekkert hver staðan var í leiknum því ég var

ekkkert að pæla í því. Það var enginn í mér og ég lét vaða. Svo leit ég bara á klukkuna og sá að það var orðið jafnt,“ segir Kristinn. Það er búið að ganga á ýmsu og nú síðast skipti liðið enn á ný um erlenda leikmenn. „Þetta er búið að vera ógeðslega erfitt í vetur. Við erum búnir að vera mikið meiddir og svo höfum við allaf verið að fá nýja og nýja útlendinga,“ sagði Kristinn sem leist ekkert alltof vel á breytingarnar fyrst. „Ég varð fyrir smá vonbrigðum fyrst því það var sárt að sjá eftir Karlton Mims því mér fannst hann vera frábær leikmaður og við vorum líka góðir félagar. Það sem skiptir máli er að við vinnum og það var ekki að ganga með Mims,“ segir Kristinn. „Vonandi er þetta að smella hjá okkur núna en við ætlum samt að reyna að klára þetta sterkt og koma okkur í úrslitakeppnina,“ sagði Kristinn og hann er ekkert smeykur við að mæta Skallagrími aftur á fimmtudaginn. „Við flengjum Skallana bara aftur á heimavelli á fimmtudaginn því við ætlum ekki að tapa fleiri leikjum á heimavelli í vetur,“ sagði Kristinn að lokum.



ÓHEPPIN Ragna tapaði naumlega gegn Morshaliza Baharum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragna Ingólfssdóttir, TBR: Tapaði í gær

BADMINTON Ragna Ingólfssdóttir lauk keppni á alþjóða badmintonmóttinu Iran Fajr þegar hún beið lægri hlut gegn Morshaliza Baharum frá Malasíu í átta manna úrslitum í Teheran í gær. Baharum vann fyrstu lotuna 18-21 en Ragna kom svo gríðarlega sterk til baka í annarri lotu og sigraði 21-10. Í oddalotunni sigraði svo Baharum 21-19 en hún er af mörgum talin þriðja besta einleikskona Malasíu. -óp

Hundfúll með frammistöðuna í gær

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta tapaði öðrum leiknum í röð á Möltumótinu í gær þegar liðið lá með einu marki fyrir heimamönnum. Landsliðsþjálfarinn segir frammistöðuna hafa verið óásættanlega.

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið tapaði í gær 0-1 fyrir Möltu í öðrum leik sínum á Möltumótinu og hefur þar með tapað fyrstu þremur leikjum sínum undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Möltumenn voru hættulegri í fyrri hálfleik og sigurmarkið í leiknum kom strax á 18. mínútu þegar Cleavon Frendo skoraði með skoti frá vítateig sem var óverjandi fyrir Fjalar Þorgeirsson í íslenska markinu. Á síðasta hálf tímanum sköpuðu íslensku leikmennirnir nokkur marktækifæri en náðu ekki að nýta þau. Meðal annars björguðu Möltumenn einu sinni á marklínu en Ólafur Jóhannesson þarf enn að bíða eftir fyrsta marki Íslands

síðan að hann tók við liðinu. „Ég er hundfúll með þennan leik. Við vorum daprir og ekki nógu góðir í þessum leik og heilt yfir var þetta óásættanleg frammistöða hjá okkur og við getum ekki sætt okkur við þetta,“ sagði harðorður landsliðsþjálfari Ólafur Jóhannesson eftir leik í gær. „Fyrri hálfleikur hjá okkur var ömurlegur og við gerðum nánast ekki neitt. Liðið hresstist í seinni hálfleik og var þá öllu liflegra. Við náðum góðri pressu á þá síðustu 20 mínúturnar án þess að fá afgerandi færi,“ sagði Ólafur. „Möltuliðið var svona svipað lið og við, ekkert verra en ekkert betra heldur. Um leið og þeir komust yfir reyndu þeir að halda sínu og tefja og lögðust til baka enda voru þeir undir sama hatti og við því það var langt síðan að þeir hafa unnið leik,“ sagði Ólafur og bætti við. „Ég er búinn að vera með liðið í þrjá leiki og við höfum ekki ennþá skorað mark en vonandi ræstist úr því. Við mætum Armenum á miðvikudaginn. Þeir hafa unnið báða leiki sína og eru með hörkulíð en við eigum að geta sýnt betri frammistöðu en við gerðum í þessum leik. Við spiludum mun betur á móti Hvít-Rússunum en við breyttum um leikskipulag frá þeim leik

og fórum hærra upp á völlinn og ætludum að pressa hærra,“ sagði Ólafur. Ólafur gerði átta breytingar á byrjunarliðinu frá því í tapleiknum á móti Hvíta-Rússlandi. Það voru einungis þeir Birkir Már Sævarsson, Atli Sveinn Þórarinnsson og Bjarni Guðjónsson sem héldu sæti sínu en Bjarni tók auk þess við fyrirliðabandinu af Stefáni Gíslasyni og fór úr miðverðinum inn á miðjuna. Inn í liðið komu þeir Fjalar Þorgeirsson, Hjálmar Jónsson, Ragnar Sigurðsson, Davíð Þór Viðarsson, Pálmi Rafn Pálmason, Baldur Aðalsteinsson, Eyjólfur Héðinsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson. Stefán Gíslason (fyrir Ragnar) og Helgi Sigurðsson (fyrir Baldur) komu inn á í hálfleik og í þeim

síðari skipti Ólafur þeim Tryggva (fyrir Eyjólf) og Jónasi Guðna Sævarssyni (fyrir Gunnar Heiðar) inn á völlinn. Armenar unnu Hvít-Rússa 2-1 í hinum leik riðilsins en þeir verða einmitt mótherjar Íslands í lokaleiknum á miðvikudaginn. Vyacheslav Hleb, bróðir Alexanders hjá Arsenal, kom Hvít-Rússum yfir á 5. mínútur en þeir Ararat Arakelyan og Ara Hakobyan tryggðu Armenum sigurinn. oo@frettabladid.is



PRJÚTÖP Ólafur Jóhannesson bíður enn eftir fyrsta markinu. NYHED-SAVISEN/MARTIN SYLVEST

Aðalfundur 2007

Aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis og allra deilda þess verður haldinn í Fylkishöll þriðjudaginn 19. febrúar 2008 kl. 20.30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórn Íþróttafélagsins Fylkis

**GÆÐAÁRGANGAR 2005-2006****NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR**

Nú eru aðeins 11 Pajero jeppar eftir af árgerðum 2005 og 2006. Þeir eru allir í toppstandi, á frábæru verði og til í ótal útfærslum. Komdu í Bílaping og skoðuðu alvöru jeppa sem eru rétt að hefja langt og skemmtilegt líf!
Ekki missa af Pajero!

Verð frá ca. **3.500.000,-** og allt að 6 milljónum



Frétt á BBC Sports í gær: Trapattoni að taka við Írum?

FÓTBOLTI Samkvæmt fréttatilkyrningu á sunnudagskvöldið er írski knattspyrnusambandið nú að nálgast ráðningu á nýjum þjálfara og virðist ætla að taka Englendinga til fyrirmyndar og fara ítölsku leiðina. Hinn litríki og sigursæli Giovanni Trapattoni er talinn líklegastur til þess að hreppa hnosið ef marka má heimildir BBC Sport. Trapattoni stýrði landsliði Ítalíu á HM 2002 og EM 2004, en náði ekki tilsettum árangri og var gagnrýndur mjög fyrir að spila leiðinlegan varnarbolta. Hann er nú hjá Red Bull Salzburg í Austurríki.

- óþ

Mjög óvænt úrslit urðu í Super Bowl-leiknum í ameríska fótboltanum í Arizona í fyrrinótt:

Öskubuskuævintýri Risanna frá New York

NFL Það varð ekkert að því að New England Patriots fullkomnaði draumatímabilið með því að vinna Ofurskálina í ameríska fótboltanum á sunnudagskvöldið því öllum að óvörum voru það New York Giants sem fullkomnuðu öskubuskuævintýri sitt og unnu titilinn eftir 17-14 sigur.

Patriots-liðið var búið að vinna alla 18 leiki sína á tímabilinu en mistókst að endurtaka afrek Miami Dolphins frá 1972 sem vann alla leikina og titilinn.

Það var því Manning sem leiddi lið sitt alla leið annað árið í röð en ekki Peyton eins og með Indianapolis Colts í fyrra, heldur var það



FRÁBÆR Eli Manning vann Super Bowl hring ári á eftir eldri bróður sínum Peyton. NORDICPHOTOS/GETTY

nú yngri bróðirinn Eli sem átti magnaðan leik og var kosinn mikilvægasti leikmaðurinn í leikslok. Giants vann þarna sinn ellefta útisigur í röð en liðið fór í gegnum alla úrslitakeppnina á úti-velli.

Eli fékk góða hjálp í leiknum og þá sérstaklega frá vörninni sem hélt niðri einu besta sóknarliði allra tíma.

Tom Brady var óþekktanlegur fram eftir öllum leik eða allt þar til hann keyrði áfram glæsilega sókn í fjórða leikhliða sem flestir álitu að væri sigursóknin. Brady sendi að lokum boltann á Randy Moss sem skoraði snertimark og

kom Patriots í 14-10 þegar aðeins 2:42 voru eftir.

Eli Manning hefur vaxið gríðarlega í úrslitakeppninni og á þessum stutta tíma keyrði hann í gegn 12 kerfi og fór alls 83 metra sem skilaði að lokum snertimarki hjá Plaxico Burress 35 sekúndum fyrir leikslok.

Rétt áður hafði Manning átt 32 metra sendingu á þriðju tilraun sem David Tyree greip á ótrúlegan hátt. Mistök hefðu þýtt tap en Manning reif sig frá varnarmönnum sem voru allt í kring og farnir að toga í peysu hans og sendi þessa mögnuðu sendingu.

- óþ

Heiðar Helguson ánægður með að hafa gripið tækifærið og skorað fyrir Bolton:

Frábært að leika með Davies

FÓTBOLTI Heiðar Helguson var á skotskónum með Bolton um síðustu helgi og skoraði seinna mark liðsins í gríðarlega mikilvægum 0-2 sigri gegn Reading í fallbaráttuslag á Madejski-leikvanginum. Þetta var aðeins annar leikurinn sem Heiðar spilaði eftir að hafa jafnað sig af meiðslum sem héldu honum frá keppni síðan um miðjan ágúst, en Heiðar hefur skorað í báðum leikjunum sem hann hefur verið í byrjunarliði Bolton á tímabilinu.

„Það var frábært að komast inn í þetta um leið, eftir löng og erfið meiðsli. Gary Megson, knattspyrnustjóri Bolton, talaði við mig á fimmtudegi fyrir leikinn og spurði mig hvort ég væri í nógu góðu standi til þess að vera í byrjunarliðinu og ég sagði ekkert mál,“ sagði Heiðar. Hann skoraði á 58. mínútu eftir að hafa komist einn inn fyrir vörn Reading og potað boltanum undir Marcus Hahnemann í markinu. Heiðar var réttur maður á réttum stað þegar Matthew Taylor átti misheppnað skot sem fór eins og segir beint í hlaupalínu Heiðars og hann var fljótur að átta sig á aðstæðum og kláraði færið vel. Leikurinn endaði 0-2 og fyrsti útisigur Bolton í deildinni því staðreynd og mikilvæg þriðji stig í fallbaráttunni.

Endurkoma Heiðars í byrjunarliði Bolton fór ekki fram hjá bresk-



FÖGNUMUR Heiðar fagnar hér marki sínu með Matthew Taylor og fyrirliðanum Kevin Nolan. NORDIC PHOTOS/GETTY

um fjölmiðlum og talað var um að samvinna hans og Kevins Davies í framlínunni hefði verið góð og tvíeykið einfaldlega verið of líkamlega sterkt fyrir Reading-vörninna.

„Það er frábært að leika með Kevin Davies og mér fannst við ná vel saman. Hann tekur mikið af

slagsmálunum og barningnum sem maður var kannski sjálfur vanur að gera og þá fær maður frið til þess að gera eitthvað annað og koma sér í betri marktkæfæri,“ sagði Heiðar í samtali við Fréttablaðið í gær.

- óþ

Kemur í verslanir 7. febrúar!

Vinnningarverðir afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS klubb, 149 kr/skýtið.

9 HVER VINNUR!

Sendu sms **BTC RAF** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

Vinnningar eru DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMS LEIKUR

RATATOUILLE



BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Opið 10-18 virka daga og 10-14 laugardaga

Laugavegi 174
Kletthálsi 11

sími 590 5000
sími 590 5044

www.bilathing.is
bilathing@bilathing.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50
Kompás

Offita er að verða alvarlegasta heilbrigðisvandamál Íslands. Áunnin sykursýki og ýmsir fleiri lífsstíls- og velmegunarsjúkdómar tengdir offitu, eru að brjóta þjóðina á bak aftur og horfir illa hjá komandi kynslóðum að óbreyttu. Því er spáð að í Bandaríkjunum verði lífslíkur barna bráðlega minni en hjá foreldrum þeirra vegna vandamála sem tengjast offitu. Kompás ræddi við hóp lækna um þyngdaraukningu Íslendinga og mein sem henni fylgja. Öllum ber læknunum saman um að offita sé orðin að þjóðarmeini.



VIÐ MÆLUM MED

Skólahreysti
Skjár einn kl. 20.00

Fitnesskeppni grunnskólanna, Skólahreysti, er nú í fullum gangi, og sýnir Skjár einn frá þriðju forkeppninni í kvöld. Þar taka nemendur úr níunda og tíunda bekk í skólum úr Kópavogi og nágrenni þátt í æsispennandi keppni í Smáranum. Haldnar verða tíu forkeppni um allt land, og mun stíghæsta liðið úr hverjum riðli komast í úrslit.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45	Veðurfregni	12.20	Hádegisfréttir	18.24	Auglýsingar
06.50	Bæn	12.45	Veðurfregni	18.25	Spegillinn
07.00	Fréttir	12.50	Dánarfregni og auglýsingar	18.50	Dánarfregni og auglýsingar
07.05	Morgunvaktin	13.00	Vitt og breitt	19.00	Endurómur úr Evrópu
08.00	Morgunfréttir	14.00	Fréttir	20.00	Leynifélagið
09.00	Fréttir	14.03	Stef	20.30	Hundur í útvarpssal
09.05	Okkar á milli	15.00	Fréttir	21.00	Í heyranda hljóði
09.45	Morgunleikfimi	15.03	Útvarpssagan: Stúlka með fingur	22.00	Fréttir
10.00	Fréttir	15.30	Dr. RÚV	22.07	Veðurfregni
10.03	Veðurfregni	16.00	Síðdegisfréttir	22.12	Lestur Passíusálma
10.15	Heima er best	16.10	Veðurfregni	22.20	Fimm fjórðu
11.00	Fréttir	16.13	Hlaupanótan	00.00	Fréttir
11.03	Samfélagið í nærmynd	17.00	Fréttir	00.07	Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
12.00	Fréttayfirlit	17.03	Viðsjá		
12.02	Hádegisútvarp	18.00	Kvöldfréttir		

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 16.00 Hollyoaks (116:260)
- 16.30 Hollyoaks (117:260)
- 17.00 The George Lopez Show (10:18)
- 17.30 Extreme: Life Through a Lens (1:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
- 18.15 Lovespring International (6:13) Nýr léttgægjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótanþjónustu.
- 18.35 Big Day (6:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegu hliðar á undirbúningnum fyrir brúðkaupsdaginn.
- 19.00 Hollyoaks (116:260)
- 19.30 Hollyoaks (117:260)
- 20.00 The George Lopez Show (10:18)
- 20.30 Extreme: Life Through a Lens (1:13)
- 21.15 Lovespring International (6:13)
- 21.35 Big Day (6:13)
- 22.00 American Idol (5:41) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna. Dómaramir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynniirinn Ryan Seacrest.
- 22.45 American Idol (6:41)
- 23.30 American Dad 3 (16:19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans.
- 23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

- 20.00 Hrafnáþing Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Boða hækkanir á aðföngum bænda gríðarlega hækkan verðlags til íslenskra neytenda? Fulltrúum bænda er boðið til Hrafnáþings.
- 21.00 Birkir Jón Siglfríðingurinn Birkir Jón Jónsson ræðir við Ólaf Má Björnsson augnlækni um leysiaðgerðir og heilbrigðismál.
- 21.30 Hvað ertu að hugsa? Guðjón Bergmann ber spurninguna upp við Bergljótu Arnaldsdóttur rithöfund og ræðir hennar hugðarefni.

DR 1

- 12.30 Græn glæd 12.50 Den lille forskel 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 SPAM 15.30 Minisekterne 15.35 Ninja Turtles: Tidsreisen! 16.00 Store Nord 16.30 Lille Nord 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Sporløs 19.30 Guld og grønne skove 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 20.55 Mistænkt 22.40 Seinfeld 23.05 Sommer 5.00 Konstanse 5.10 Buh! 5.35 Lisa 5.40 Kære Sebastian 6.00 Boblin

NRK1

- 12.40 Faktor 13.10 Jessica Fletcher 14.00 Supermusikk 14.30 Ghost Trackers 15.05 Hannah Montana 15.30 Hemmelig agent på moped 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Kjære dagbok 1972 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Kuraffens TV-show 17.15 Dyrlege Due 17.25 Pablo, den lille rødreven 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Ut i naturen 18.55 Berulfens pengebinge 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Brennpunkt 21.20 Extra-trekning 21.30 Bokprogrammet: I Ungarn 22.00 Kveldsnytt 22.15 Heroes 22.55 4+4+2: Bakrommet: Fotballmagasin 23.25 Barn i ingenmannsland 0.20 Kulturytt

SVT 1

- 12.05 Robins 13.00 Ådalens poesi 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Anaconda 16.30 Krokmax 17.00 Harry och hans hink med dinosaurier 17.10 Minimyrör i Kenya 17.20 Byggare Bob 17.30 Folkoteket 17.45 Philofix 18.00 Lilla Aktuellt - kortnyheter 18.05 Hasses brorsas låtsassyras kompis 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Packat & klart 20.00 Ishockey: Tre kronor live 21.00 Plus 21.30 Kortfilm: Gräter och stór de andra 21.45 Dark Blue 23.40 Rapport 23.50 Kulturyheterna 0.00 Brottet 1.00 Sändningar från SVT24

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:

FRÁBÆR FEBRÚAR

30% aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á stod2.is m.v. 12 mánaða skuldbindingu

BANDIÐ HANS BUBBA

AMERICAN IDOL - mánudaga

GOSSIP GIRL - miðvikudaga

BACK TO YOU - fimmtudaga

NIP/TUCK - miðvikudaga

SJÁLFSTÆTT FÓLK - sunnudaga

COLD CASE - sunnudaga

PRISON BREAK - sunnudaga

FLIGHT OF THE CONCHORDS - fimmtudaga

LOGI Í BEINNI - föstudaga

Citroën C5 Exclusive II

Tækniásláttur
261.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 2.598.000*

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur
5 dyra CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í bl. akstri 8,6 l/100 km
Listaverð kr 2.859.000



Sjáðu tækni Citroën í dag

Tæknisýningar á hjólum

Hver Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig. Þú fylgist með nýjungum. Þú vilt nútímataekni, **gott verð og gæði. Þú kemur** á tæknisýningar í Brimborg í dag, Bíldshöfða 8. Nýttu þér sýningarverðið. Sjáðu tæknisýningaafslætti dagsins. *Komdu í Brimborg í dag.*

**Komdu á tæknisýningu.
Allt að 261.000 kr.
tækniásláttur.**



Citroën C3 SX

Tækniásláttur
127.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 1.598.000*

1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km
Listaverð kr. 1.725.000

Citroën C4 Saloon SX

Tækniásláttur
150.000 krónur
Tæknilegt verð
kr. 1.949.000*

1,6i 110 hö 147 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 169 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,1 l/100 km
Listaverð kr 2.099.000



GEL GROUP GREY ALMANNATEKINGSL


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

FOR SAFER CARS

EURO NCAP
www.euroncap.com

*Komdu í Brimborg.
Þú sérð að hver og einn Citroën
er stór tæknisýning út af fyrir sig.
Vertu á tæknisýningu.*


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Ath. allt að 100% fjármögnun er í boði fyrir Citroën C3, C4 og C5. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokulljós og af C4 og C5 álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



BAKÞANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttur

Elsku Páll

Þegar ég var tvítug festi ég kaup á forlata sjónvarpi í verslun sem seldi notuð tæki. Sjónvarpið var ekki einu sinni komið í gagnið þegar leynilegur útsendari RÚV barði að dyrum og spurði hvort mér þætti ekki við hæfi að fara borga af áskrift. Ég sagði sem satt var að það væri ekkert sjónvarp í gangi á heimilinu. „Nú nú, það var nú glæsilegur gripur sem ég sá inn um gluggann hjá þér,“ svaraði útsendarinn þá með svo valdsmannlegri röddu að stelpuskjatan þorði ekki annað en að bjóða honum inn í hálf-tóma kjallaraíbúðina til að sanna að tækið væri ekki tengt við loftnet.


ERINDREKINN útskýrði þá fyrir fáfróðri landsbyggðarmærinni að svona gengju kaupin á eyrinni ekki fyrir sig. Og í hljóðu þakklæti fyrir að sleppa skrámulaust út úr samtalinu lofaði ég að drjúgur hluti námslána minna myndi framvegis renna til míns ástkæra Ríkisútvarps.

NÚ auglýsir Ríkissjónvarpið að á næstunni eigi að sýna eina íslenska bíómynd í hverri viku. Ég skelf af gleði við tilhugsunina. Kannski eru það peningarnir sem góði auðmaðurinn gaf þeim sem gera þetta kleift, að minnsta kosti hafa þeir ekki viljað nota mína við það hingað til. Nema það séu peningarnir sem fengust fyrir auglýsingahléið í Skaupinu sem þarna koma í góðar þarfir.

MÉR er sama hvaðan gott kemur en kemst þó ekki hjá því að rifja upp í huganum orðin sem Páll Magnússon útvarpsstjóri lét falla skömmu eftir að hann var ráðinn í embætti. Ræddi hann ekki örugglega um að ef til vill væri barasta við hæfi að taka RÚV af auglýsingamarkaði? Jú nú man ég hvað hann sagði. Það var þetta: „Ég er þeirrar skoðunar að RÚV eigi ekki að vera á auglýsingamarkaði. Það eru til margar röksemdir fyrir tilvist ríkisfjölmiðils en þær eiga ekki við um tilvist hans á auglýsingamarkaði. Við megum ekki láta ríkisvaldið þrengja á einkaaðilum á þessum markaði frekar en öðrum.“

ÉG rifja þetta nú bara svona upp því mér þótti þetta hljóma svo vel á sínum tíma. Slík ákvörðun yrði líkleg til að auka frelsi RÚV til að sinna yfirlýstu hlutverki sínu auk þess sem baráttan við einkastöðvarnar um amerísku sápuóperurnar gæti þar með verið úr sögunni og hægt yrði að styðja enn meira við íslenska dagskrárgerð.


Í barnslegri einlægni bjóst ég ekki við því að Páll myndi samþykkja að þiggja peninga utan úr bæ, auka hlutdeild auglýsinga á stöðinni um leið og almenningur í landinu væri enn frekar skikkaður til að borga í apparatið í gegnum nefskatt. Þá sérstaklega þar sem lítið sem ekkert virðist hafa bólað á innlendri leikinni dagskrárgerð eftir Kalla Kaffi.



GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn
5. febrúar, 36. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 10.01	13.41	17.23
Akureyri 9.54	13.26	17.00

Heimild: Almanak Háskólans



SIMPLY CLEVER



MY Skoda Fabia
ER MEÐ ESP STÖÐUGLEIKAKERFI

Ríkulegur staðalbúnaður:
Sex öryggisloftþúbar
ESP stöðugleikakerfi
Hití i sætum
CD og MP3 spilar
Tengi fyrir iPod
Prír höfuðpúðar að aftan
Rafdrifnar rúður að aftan
Fjarstýrð samlesing
Þokulljós
Hæðarstilling á öðrumannssæti
og margt fleira

Verð:
1.720.000 kr.
Mánaðarleg útborgun: 17.200 kr.*

Komdu og eigðu stefnumót við Skoda Fabia. Þú finnur strax að leitinni er lokið.

*M.v. 30% útborgun og bílasamning til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 6,57%.

